Um 6 - 7 m í þvermál, nánst hringlaga. Veggir úr torfi um 0,5 - 1 m breiðir og 0,1 - 0,3 m háir. Op eða eyða er í veggnum að norðanverðu.

Á gamalli loftmynd virðist einhverskonar gerði liggja við austurhliðina sem ekki sást á vettvangi (map.is).

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson
Filma nr./teg. myndar	Canon EOS 750D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur			94

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Vatnsendi			1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	25.5.2022	E 362808,9 N 401855,8	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Dæld	Kartöflugeymsla	Kóp 22	1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Byggingar	Mikil	Lélegt	1900-				Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	4	Lítið	4	Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Í austanverðri Vatnsendahlíð í holti.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Dæld.
4 x 4 m og 0,8 m djúp. Op eða dyr eru mót norðri og þar er rani sem gengur út úr rústinni.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson
Filma nr./teg. myndar	Canon EOS 750D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur			95

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Vatnsendi			1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	25.5.2022	E 362658,1 N 402000,0	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Garðar		Kóp 22	3

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Byggingar	Mikil	Sæmilegt	1550-1900				Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	3	Lítið	3	Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Í holti norðarlega á Vatnsendahæð.

Heimildir og munnmæli

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Arnarnesvegur í Kópavogi - mat á umhverfisáhrifum. Fornleifakönnun.* Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2002.

Lýsing

Garðar.

1) Garður um 1 m breiður og 0,4-0,6 m hár og tæplega 40 m langur. Úr torfi (og grjóti?).
Við vesturenda sér í kröftugt járn sem virðist liggja undir garðinn. Hefur verið lengri sbr. map.is https://map.is/base/@362778,401715,z10.323421433642228,0.

2) Garður um 1 m breiður og 0,4-0,6 m hár. Úr torfi (og grjóti?) og um 40 m langur. Hefur verið lengri sbr. map.is https://map.is/base/@362778,401715,z10.323421433642228,0.

Áður skráðir undir númerinu GK-215:004 (Elín Óksk Hreiðarsdóttir 2002).

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson
Filma nr./teg. myndar	Canon EOS 750D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur		'	96

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Vatnsendi			1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	25.5.2022	E 362669,6 N 402023,3	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Garður		Kóp 22	1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Byggingar	Mikil	Sæmilegt	1550-1900				Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	3	Lítið	3	Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Í holti norðarlega á Vatnsendahæð.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Garður.
Um 30 m langur, 1 m breiður og 0,3 - 0,4 m hár. Úr torfi (og grjóti?). Hefur verið lengri.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson
Filma nr./teg. myndar	Canon EOS 750D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur		'	97

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Vatnsendi			1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	26.5.2022	E 362707,4 N 401821,3	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Dæld	Kartöflugeymsla	Kóp 22	1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Byggingar	Mikil	Sæmilegt	1900-				Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	2	Lítið	2	Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Í holti austarlega á Vatnsendahæð.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Dæld.
3 x 6 m stór og 0,7 m djúp.
Út úr dældinni er rani mót SA, en sjálf dældin er 2,5 x 3 m stór.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson
Filma nr./teg. myndar	Canon EOS 750D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur		'	98

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Vatnsendi			1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	26.5.2022	E 362710,8 N 401679,2	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Dæld		Kóp 22	1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Byggingar	Mikil	Sæmilegt	1900-				Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	2	Lítið	2	Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Í holti austarlega á Vatnsendahæð.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Dæld.
2 x 2 n stór og 0,3 m djúp. Enginn sýnilegur útgafnur er úr dældinni, en gæti hafa verið til suðurs.
Tvær hellur liggja við jaðarinn að norðan, gætu verið lagðar nýlega.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson
Filma nr./teg. myndar	Canon EOS 750D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur		'	99

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Vatnsendi			1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	26.5.2022	E 362663,6 N 401744,3	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Dæld		Kóp 22	1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Byggingar	Mikil	Sæmilegt	1900-				Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	2	Lítið	2	Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Í holti austarlega á Vatnsendahæð.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Dæld.
1,5 x 1,5 m stór og 0,5 m djúp. Engar dyr eða útgangur.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar Canon EOS 750D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur		'	100

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Vatnsendi			1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	26.5.2022	E 362673,1 N 401739,2	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Dæld	Kartöflugeymsla	Kóp 22	1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Byggingar	Mikil	Sæmilegt	1900-				Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	2	Lítið	2	Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Í holti austarlega á Vatnsendahæð.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Dæld.
3 x 4 m stór og 0,5 m djúp. Ranni liggur út úr dældinni til NNV.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson
Filma nr./teg. myndar	Canon EOS 750D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur			101

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Vatnsendi			1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	26.5.2022	E 362695,3 N 401751,8	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Dæld		Kóp 22	1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Byggingar	Mikil	Sæmilegt	1900-				Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	2	Lítið	2	Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Í holti austarlega á Vatnsendahæð.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Dæld.
3 x 4 m stór og 0,5 m djúp. Op er á dældinni mót suðri.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson
Filma nr./teg. myndar	Canon EOS 750D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Minnisblað

VSÓ RÁÐGJÖF

4.11.2022

22523

Dreifing
Skipulagssvið Kópavogsbæjar

Höfundur
Sverrir Bollason

Yfirfarið/Samþykkt
AK

Tilefni
Vatnsendahvarf
Mat á þjónusturýmd

1 Forsendur

Fyrir liggja áform um uppbyggingu nýs hverfis í Vatnsendahlíð og í drögum að deiliskipulagstillögu sem er er í vinnslu er gert ráð fyrir að íbúðauppbygging verði með þeim hætti sem taflan að neðan sýnir[1].

Húsnæðisgerð	Fjöldi íbúða
Einbýli	45
Parhús	60
Raðhús	46
Fjölbýli	102
Klasabyggð	247
Alls	**500**


Tölfræðilegt mat á væntum íbúafjölda í hverfinu með tilliti til þessarar blöndunar íbúðagerða, þegar hverfið er fullbyggt, bendir til að íbúar verði 1.350+/-200 talsins. Ekki liggur fyrir mat á líklegri aldursdreifingu.[2]

Gert er ráð fyrir sambyggðum leik- og grunnskóla fyrir yngsta stig grunnskólans í hverfinu en að eldri börn geti sótt í nærliggjandi skóla.

Fyrir liggur rýni á þjónustu í næsta nágrenni innan bæjarhlutans með tilliti til aðgengis innan 20 mínútna göngufjarlægðar. (Sjá mynd)

[1] Arkþing, Kópavogsbær 28.10.2022
[2] VSÓ Ráðgjöf nóvember 2022

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026



2 Yfirlit yfir sjónarmið um verslunar- og þjónusturými í íbúðahverfum

Leitað var til nokkurra aðila sem hafa umtalsverða reynslu af útleigu atvinnuhúsnæðis til að fá fram þau sjónarmið sem þeir myndu líta til við mat á því hvort bæta ætti tiltekinni eign við eignasafn sitt og freista að leigja út og hvernig aðstæður við Vatnsendahvarf slógu þá. Allir aðilar sem rætt var við höfðu kynnt sér hugmyndir um aðgengilega nærþjónustu í öllum hverfum, svokallað 20 mínútna hverfi.

Í grófum dráttum má skipta verslunarrýmum í þrjá flokka:

- A – Verslunarkjarnar með breitt þjónustuframboð sem dregur að fólk víða að. Matvöruverslun og ýmis sérvara í bland við þjónustu.
- B- Minni verslunarkjarnar eða svæði sem höfða fyrst og fremst til íbúa borgarhlutans. Matvöruverslun er kjarninn í starfseminni, sérvara eða þjónusta.
- C- Þau sem hafa fyrst og fremst hlutverk við að þjóna næstu nágrönnum svo sem veitingar, snyrtiþjónusta og sjoppur.

Matvöruverslun

Yfirleitt eru það matvöruverslanir sem geta orðið grundvöllur verslunarkjarna, bæði þá sem laða að fólk nær og fjær. Þær laða fólk á staðinn daglega og þar með er önnur samliggjandi starfsemi óbeint auglýst og gefur tækifæri til að veranotuð í sömu ferð. Einhver dæmi eru um verslunarkjarna sem ekki byggja beint á tilvist matvöruverslana en þá er um nokkuð afmarkaða starfsemi að ræða.

Eiginleikar sem skipta máli

Nokkrir þættir skipta máli við mat á því hvort tiltekið rými sé talið líklegt til að ganga upp fjárhagslega, sem er grundvöllur þess að verslunar- og þjónusturýmið sé yfirhöfuð byggt og í notkun. Þessir þættir eru:

- Samkeppni við aðra nærliggjandi verslun – Ef önnur starfsemi býður meira úrval, lægra verð eða meiri fjölbreytni í þjónustu má aukin nálægð sín lítils í samkeppninni.
- Aðgengi m.t.t. umferðarleiða gangandi og akandi, viðskiptavina og rekstraraðila – gerir notkun þjónustunnar hentuga.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

- Sýnileiki – Kynnir þjónustuna fyrir vegfarendum og minnir þá á tilvist þjónustunnar.
- Samlegðaráhrif nærliggjandi verslunar – Tengd starfsemi (t.d. heilsugæsla og apótek) getur af sér aukna verslun.
- Stærð rýma – Stýrir mestu um kostnað fyrir leigjandann.
- Hönnun rýmis með tillit til hljóðvistar, hljóðmengunar og áhrifa lyktar þegar um veitingarekstur er að ræða. – Hönnunarskilmálar verða að vera í samræmi við væntа notkun og minnka árekstra milli rekstraraðila og íbúa.


3 Vatnsendahvarf

Samkeppni

Bæjarhlutanum er vel þjónað af fjölbreyttri þjónustu og ekki síst matvöruverslun. Innan bæjarhlutans eru allar helstu keðjur matvöruverslana með útibú, sumar í innan við korters göngufjarlægð. Í bæjarhlutanum eru líka matsölustaðir, sjoppur, líkamsræktarstöðvar og bakarí.

Þar sem atvinnusókn er líklega að langmestu leyti utan bæjarhlutans liggur leið íbúa um svæði sem einnig er vel þjónað af dagvöruverslun. Má þar nefna Smáralind/Smáratorg til vesturs, Mjóddina til norðurs og verið er að byggja nýja matvöruverslun í Norðlingaholti til austurs. Tækifæri íbúa til að sinna erindum innan bæjarhlutans og á leið til og frá honum eru því nokkuð ríkulegir og ólíklegt að matvöruverslun myndi þrífast innan hverfisins af þeim sökum.

Vert er að nefna tilkomu nýs Arnarnesvegar norðvestan við nýtt hverfi og má sjá á meðfylgjandi mynd. Engin bein tenging er frá hinu nýja hverfi í Vatnsendahvarfi (blátt ský á mynd) við nýjan veg en farið yrði um Vatnsendahvarf um athafnasvæðið norðaustan við hið nýja hverfi. Tengingar við bæjarhlutann eru sýndar innan rauðra hringja. Myndin sýnir einnig verslunar- og atvinnusvæði innan bæjarhlutans (appelsínugul) og vel aðgengileg svæði utan bæjarhlutans (gul).



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Aðgengi og sýnileiki

Staðsetning þeirrar lóðar sem ætluð er fyrir atvinnustarfsemi er á hentugum stað við helstu safngötu hverfisins ásamt því að liggja nærri sambyggðum leik- og grunnskóli. Strætó kynni einnig að stoppa á sömu slóðum. Þessar aðstæður ýta undir sýnileika og almennt aðgengi. Staðsetning starfsemi innan lóðarinnar hefur einnig áhrif þar sem staðsetning nærri umferð akandi og gangandi ýtir undir sýnileika.

Rekstraraðilinn þarf aðgengi að lóðinni fyrir vöruflutninga. Ef um er að ræða rekstur með mikla vöruveltu eða vörur með stuttan líftíma þarf að gera ráð fyrir nær daglegri eða tíðari vöruafhendingu. Þá þarf matvöruverslun að geta tekið á móti stórum ökutækjum með varning. Oft er ónæði af þessum völdum meiri en af völdum viðskiptavinanna og huga þarf að því hversu vel það samrýmist markmiðum fyrir hverfið almennt.

Aðkoma bíla verður yfirleitt á kostnað aðgengis gangandi nema því sé gefinn sérstakur gaumur í hönnun og getur þurft að fylgja því eftir með skilmálum. Huga þarf sérstaklega að aðkomu vöruflutninga með tilliti til mögulegra árekstra við aðra umferð. *Sjá t.d. muninn á bílastæðum Smáratorgs og Ikea í Kauptúni. Bæði svæðin eru nær alfarið miðuð við akandi umferð en sjáanlega betri aðstæður fyrir gangandi í Kauptúni.*

Hönnun lóðarinnar mun einnig ákvarða hversu hentug bílastæði eru til að sækja vörur og þjónustu. Eftir því sem afgreiðsla tekur skemmri tíma er mikilvægara að bílastæði séu nærri inngangi en ef tímalengd þjónustunotkunar er lengri má hafa bílastæði fjær. *T.d. ef sækja á tilbúinn mat vill fólk leggja beint fyrir utan en getur labbað lengra ef það fer í klippingu.*

Samlegðaráhrif

Mögulega má greina samlegðaráhrif í því að sambyggður leik- og grunnskóli sé á næstu lóð sem ýti undir samnýtingu ferða á báða áfangastaði. Ýta mætti undir það með því að tryggja stutta, örugga og aðlaðandi gönguleið milli þessara lóða. Þetta samspil er þó ekki vel þekkt á Íslandi. *Mögulega getur orðið til stemning fyrir að sækja í kaffihús eða ísbúð eftir að börn eru sótt í grunn/leikskólann.*

Ólíklegt er að samlegð verði milli tveggja eða fleiri óskyldra verslana.

Stærð rýma

Leigukostnaður er í beinu hlutfalli við stærð hins leigða rýmis og því er stærðin afgerandi fyrir það hvort rekstur gengur eða ekki. Of stórt rými getur sligað reksturinn en auðveldara getur verið að sníða umfang rekstursins að litlu rými.

VSÓ Ráðgjöf kannaði stærð nokkurra staða sem hafa gengið upp rekstrarlega með starfsemi sem gæti hentað í nærumhverfi íbúðahverfis og má sjá útkomuna í töflunni að neðan.

Starfsemi	Dæmigerð stærð [m^2]
Ísbúð	50-70
Bakarí með bakstri á staðnum	80-100
Veitingahús með 30 sætum	130-150
Hárgreiðslustofa með 4 stólum	60-80
Almenn sérvöruverslun	40-60

Ef verslun leigir húsnæði á kr. 5.000/m^2 mánaðarlega og getur sætt sig við að 20% veltunnar fari í leigu þá getur það skipt sköpum að rýmið sé 50m^2 frekar en 75m^2 enda þyrfti að auka mánaðarlega veltu um 625.000 í hverjum mánuði eða 7,5 milljónir árlega.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Mælt er með því að heildarstærð útleigðs gólfflatar verði ekki stærri en 200m^2 og að skipta megi því plássi upp í 2-3 rými.

Hönnun rýmis

Gæta þarf að því að hávaði vegna reksturs og gesta ónáði ekki íbúa í húsinu og hanna þarf rými og burðarvirki með tilliti til þess. Þá þarf að gera ráð fyrir því að útsog úr atvinnueldhúsi sé hugsað frá upphafi svo lyktin leiti sem lengst frá íbúum, af þaki hússins. Þá þarf að huga að skilmálum um opnunartíma og merkingar. Gæta þarf að því að útgáfa vínveitingaleyfis samrýmist skipulagsskilmálum eða ekki eftir því sem við á.

Áhrif á framkvæmdaraðila

Eftirspurn eftir verslunar- og þjónusturými í nærumhverfi íbúðarsvæða er fremur takmörkuð eftir því sem fram kemur í samtali við heimildarmenn VSÓ Ráðgjafar. Það er líklegt að framkvæmdaraðili muni forðast að byggja upp atvinnurými í flokki C á svæðinu. Eftirspurnin er takmörkuð og því líklegt að það muni taka tíma að koma eigninni í leigu og ólíklegt er að rekstraraðili kaupi eignina og kjósi heldur að leigja. Þá krefst atvinnuhúsnæði aukinnar fjárfestingar í rýminu og ýmsum aðbúnaði ef vel á að vera. Það er t.d. innréttingar, sérútbúin rými, hljóðeinangrun, lyktarvarnir of þess háttar. Framkvæmdaraðili myndi því líklega kjósa að nýta rýmið fyrir íbúðir sem seljast hraðar, með minni tilkostnaði og mögulega á hærri verði. Að öðrum kosti myndi hann líta á kvöð um uppbyggingu atvinnuhúsnæðis til virðislækkunar byggingaréttar.

4 Skipulagsleg áhrif

Aðalskipulag

Með tilliti til þeirrar stærðar verslunar- og þjónusturýma sem lagt er til að gert sé ráð fyrir er óhætt að svæðið allt sé tilgreint sem íbúðarsvæði í aðalskipulagi. Um landnotkun á svæðum fyrir íbúðarbyggð segir í skipulagsreglugerð:

> Íbúðarbyggð (ÍB)
> Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.

Með því að tilgreina ákveðinn reit innan skipulagssvæðisins sem verslunar- og þjónustusvæði er ljóst að uppbyggingin yrði á forsendum atvinnureksturs og væntingar um aukna uppbyggingu atvinnuhúsnæðis í hlutfalli við íbúðarbyggð. Gera má ráð fyrir aukinni umferð og hávaða á slíku svæði. Þá stefnumörkun þyrfti að skoða með tilliti til áhrifa á eðli hverfisins og líkindi uppbyggingar með tilliti til samkeppni við atvinnuhverfi í nágrenninu.

Deiliskipulag

Tilgreina þarf þær kvaðir sem gerðar eru um að atvinnuhúsnæði sé á tilteknum reit í hverfinu. Tvær staðsetningar koma til greina innan reitsins og mætti skilja það eftir í höndum framkvæmdaraðila að velja hvora staðsetningu hann hannar fyrir verslun og þjónustu. Gera þarf skilmálana þannig úr garði að ljóst sé að ekki verði komist hjá að reisa aðra hvora bygginguna með atvinnurými ef sú leið er farin. Það hefði áhrif á úthlutunarskilmála lóðanna þannig að úthluta þyrfti þeim byggingarreitum saman.

Taka þarf fram hvort veitingarekstur sé heimill eða ekki og sérstaklega þarf að tilgreina hvort veita beri vínveitingaleyfi eða ekki og þá með hvaða skilyrðum. Ef vilji er til að heimila hverfisveitingahús með vínveitingaleyfi gæti það verið í samræmi við reglugerð um veitinga- og gististaði: Staður í flokki II, af eftirtöldum tegundum: a) veitingahús, c) veitingastofa og greiðasala, e) kaffihús.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Setja þarf fram með skýrum hætti hvernig kröfur verði gerðar til aðgengis gangandi, akandi og vöruflutninga á lóðinni.

- Gönguleiðir þurfa að vera aðlaðandi, öruggar og án ónauðsynlegra hindrana. Nýta ætti samtengingu við skóla, útivistarsvæði og megin tengigötu.
- Fyrir þjónustuhlutverk verslunarrýma er mikilvægt að skammtímabílastæði séu aðgengileg og frátekin nærri inngangi fyrir viðskiptavini.
- Skilgreina þarf hvernig vöruflutningum skuli háttað á lóð.
- Hafa þarf skilmála um útlit með þeim hætti að þeir krefjist opinna glugga fyrir atvinnustarfsemi og heimili merkingar fyrir atvinnurekstur.

Gera verður ráð fyrir að hljóðeinangrun og loftræsing sé með þeim hætti að atvinnustarfsemi hafi ekki neikvæð áhrif á íbúa byggingarinnar, sér í lagi hvað varðar veitingarekstur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL	VERKHEITI
3094-197-MIN-001-V01	**Vatnsendahæð - ofanvatnslausnir**
DAGS.	**VERKKAUPI**
19.12.2022	Kópavogsbær
SENDANDI	**DREIFING**
Elín Inga Knútsdóttir Jón Skúli Indriðason Reynir Sævarsson	Kristjana H Kristjánsdóttir (Kópavogsbær) Auður D Kristinsdóttir (Kópavogsbær)

MÁLEFNI

Ofanvatnslausnir í nýju hverfi á Vatnsendahæð

Inngangur

Kópavogsbær er að vinna við skipulagningu á íbúðahverfi á Vatnsendahæð þar sem áður stóðu fjarskiptamöstur og byggingar tilheyrandi þeim. Unnið er að gerð deiliskipulagsins um þessar mundir og forhönnun gatna og lagna hefur þegar farið fram. EFLA hefur fengið það verkefni að gera grein fyrir möguleikum við meðhöndlun ofanvatns frá hverfinu.

Í þessu minnisblaði verður fjallað um þá möguleika. Farið verður yfir aðstæður og gerð grein fyrir mögulegum lausnum. Loks verður gefin upp stærð og staðsetning á ofanvatnslausnum bæði fyrir opin svæði og eins innan hverrar lóðar fyrir sig.

Aðstæður

Vatnsendahæð er einn af hæstu punktunum á höfuðborgarsvæðinu og stendur í rúmlega 140 m yfir sjávarmáli þar sem hæst er. Nýja hverfið afmarkast af Kleifakór í suðvestri, Andahvarfi, Akurhvarfi og Álfkonuhvarfi í suðaustri og Turnahvarfi í norðaustri. Norðvestan við hverfið er svo fyrirhuguð lega Arnarnesvegar til tengingar við Breiðholtsbrautina.

Gerð hefur verið jarðkönnun á svæðinu og er aðstæðum lýst í sérstakri skýrslu. Helstu niðurstöður eru þær að aðstæður á svæðinu eru nokkuð einsleitar hvað jarðlagaskipan varðar og í samræmi við aðstæður í Kórahverfi og Hvörfum. Innan svæðisins er jökulruðningur ofan á klöpp ríkjandi en ofan hans eru misþykk lög af lífrænum jarðvegi (fokmold).

Til að geta leitt yfirborðsvatn niður í jörðina er hentugast ef hægt er að koma því beint niður í berggrunninn. Jökulruðningurinn sem hylur berggrunninn er frekar þétt efni og með litla lekt, jafnvel nokkrum stærðargráðum minni en berggrunnurinn. Því hentar svæðið ekki sérstaklega vel til innsigs á yfirborðsvatni frá lóðum, götum og/eða opnum svæðum. Á myndinni hérna fyrir neðan má sjá yfirlitsmynd af umræddu svæði með deiliskipulaginu inni á.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026



MYND 1 Yfirlitsmynd af svæði með deiliskipulagi.

Um ofanvatn og ofanvatnslausnir

Á síðustu árum hefur loftslag verið að breytast í heiminum. Það hefur meðal annars lýst sér í ákafari úrkomuviðburðum. Samfara þessu hefur víða verið unnið að þéttingu byggðar þar sem óbyggðir reitir og svæði innan stærri eininga eru byggð upp. Uppbygging svæða þýðir að stærri hluti yfirborða innan svæðanna er þéttur (götur, þök) þ.a. ofanvatn, sem áður rann eftir yfirborði og hvarf svo ofan í jörðina og sameinaðist grunnvantsstraumum, hefur ekki lengur þessa greiðu leið. Fráveitukerfin sem eru til staðar voru ekki hönnuð miðað við þetta þétta yfirborð og því anna þau ekki þessu aukna rennsli. Því hafa verið innleiddar allskyns lausnir til að koma í veg fyrir að þessi kerfi yfirfyllist. Þessar lausnir eru kallaðar ofanvatnslausnir.

Blágrænar ofanvatnslausnir miða að því að leiða vatnið sem mest niður í jörðina aftur þ.a. vatnsbúskapur svæðisins sé sem mest óbreyttur. Aðrar lausnir miða að því að hægja á og tefja innrennsli í ofanvatnskerfi og jafna út úrkomutoppa þ.a. kerfin sem taka við afrennslinu ráði við það. Þar sem aðstæður fyrir blágrænu lausnirnar eru ekki ákjósanlegar þá verður hér á eftir farið yfir aðra möguleika.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Settjarnir:

Settjarnir eru þekktustu lausnirnar a.m.k hérlendis við miðlun ofanvatns. Hægt er að flokka þær að einhverju leyti sem blágræna ofanvatnslausn. Fyrstu settjarnirnar voru settar upp á höfuðborgarsvæðinu fyrir um 20 árum og eru þær staðsettar við Elliðaárnar. Þær tjarnir gegna samt aðallega því hlutverki að hreinsa efni úr ofanvatninu og hindra að það berist út í árnar. Þetta efni sest til á botni tjarnanna og er svo hreinsað upp úr þeim. Þessi föstu efni getur verið sandur og malbikssalli en rannsóknir hafa sýnt að efni í ofanvatni getur innihaldið þungmálma. Þá er einnig möguleiki að stöðva olíuóhöpp í tjörnum sem verða ofar í kerfinu. Stundum eru settjarnirnar með þéttingu þannig að það helst alltaf ákveðið vatnsborð í þeim en hitt er líka til að þær séu „botnlausar“ og vatni leyft að síga niður í jörðina. Slík tjörn mundi flokkast sem blágræn lausn. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá mynd af settjörn við Reykjanesbrautina í Hafnarfirði.



MYND 2 Settjörn í Hafnarfirði.

Við stærðarákvörðun tjarna er farið eftir erlendum leiðbeiningum, ýmist norskum eða þá enskum. Lögun tjarnanna þarf að vera því sem næst í hlutfallinu 3:1 (lengd:breidd) lengd verandi frá innrennsli að útrennsli. Útrennsli tjarnanna er oftast brunnur þar sem temprunaraðgerðum er komið fyrir.

Magasín:

Þar sem ekki er pláss fyrir settjarnir er hægt að vera með svokallað magasín. Magasín er í raun bara geymir sem geymir magnið svipað og tjörnin og í enda þess er temprunarbúnaður sem skammtar ákveðið magn inn á ofanvatnskerfið. Kosturinn við magasín er að þau er hægt að hafa neðanjarðar þ.a. þau taka ekki pláss á yfirborði en á sama hátt þarf að gera ráð fyrir þeim í því plássi sem er til reiðu neðanjarðar, sem oft reynist af skornum skammti.

Um getur verið að ræða þrjár gerðir af magasínum. Röramagsín er gert úr sverum rörum annaðhvort úr plasti eða steini. Kassettumagasín eru gerð úr plasteiningum sem raðað er saman til að mynda nægilegt rými fyrir ofanvatnið og svo púkkmagasín sem eru í raun bara gryfja sem er grafin og fyllt af grófu púkki.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Röramagasín:

Röramagsín er eins og nafnið gefur til kynna gert úr rörum sem raðað er saman þangað til því rúmmáli er náð sem nauðsynlegt er. Við útrennsli úr magasíninu er komið fyrir temprunarbúnaði sem getur verið svokallaður kuðungur eða einfaldlega þrenging á rörinu sem liggur út úr magasíninu. Kuðungurinn er mun dýrari búnaður og flóknari í uppsetningu. Þrenging á röri er ódýrari er getur þurft meiri viðhald þar sem þrengingin getur þurft að vera það mikil að hætta er á að rör stíflist. Myndin hér fyrir neðan sýnir röramagsín.



MYND 3 Röramagasín.

Kassettumagasín

Kassettumagasín er gert úr plasteiningum sem mynda nokkurskonar geymi neðanjarðar en þó með lóðréttum burðarhlutum í hverri kassettu. Um er að ræða berandi einingar sem þola jarðvegsálag upp að ákveðnu marki. Samskonar temprunarbúnaður á við og fyrir röramagasín en tenging útrennslisbrunns við magasín er flóknari en í röramagasíni. Kosturinn er að einfalt er að vera með innsitrun úr magasíninu með því að leggja einingarnar ofan á beran botninn. Á hinn bóginn er flóknara að útbúa svona magasín með þéttum botni því þá þarf að leggja þéttidúk (geomembrane) yfir botninn með tilheyrandi varnardúkum. Kassettumagasín eru erfiðari í viðhaldi þar sem um er að ræða rými sem ekki er auðvelt að sinna. Myndin hér fyrir neðan sýnir kassettumagasín.




MYND 4 Kassettumagasín.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Púkkmagasín:

Púkkmagasín er í raun bara hola sem er fyllt af grjóti. Hérlendis hefur þetta verið notað og þá stundum kallað grjótsvelgir. Hefur gjarnan verið notað þar sem t.d. um er að ræða hraun eða annað gropinn jarðveg sem tekur auðveldlega við vatni. Sama á við og um kassettumagasínið að innsitrun er einföld um botn magasíns. Samskonar temprunarbúnað þarf og við hin magasínin. Púkkmagasín taka mun meira pláss þar sem ekki er hægt að reikna með meira holrými en 30% í grjótinu/púkkinu sem fyllt er með á meðan kassettumagasín hafa holrými yfir 85%. Þá er einnig ekki um viðhald að ræða á svona magasíni annað en að grafa upp allt grjótið til að hreinsa úr magasíninu. Því er mikilvægt að við innrennslið í bæði púkkmagasín og kassettumagasín sé öflugt sandfang því annars geta þau verið fljót að fyllast og virkni þeirra að minnka eða verða engin. Myndin fyrir neðan sýnir hvernig útfæra má púkkamgasín.




MYND 5 Útfærsla á púkkmagasíni.

Ofanvatn frá Vatnsendahvarfi

Inngangur:

Landfræðilegar aðstæður á Vatnsendahæð eru þannig að landi hallar nokkurn veginn frá toppi svæðisins til allra átta og í hverju horni þeas NA, SA, SV og NV er hægt að tengja við núverandi kerfi. Hér hefur svæðinu verið skipt upp í fjögur afrennslissvæði auk tveggja miklu minni svæða. Uppskiptingu þessara svæða og mögulega staðsetningu temprunaraðgerða má sjá á myndinni hér fyrir neðan. Ekki er gert ráð fyrir neinum aðgerðum við svæði 6 heldur að lagnir þaðan tengist beint inn á lögn sem komin er að götuendanum þar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026



MYND 6 Yfirlit afrennslissvæða. Bláir hringir sýna mögulegar staðsetningar ofanvatnsmeðferðar.

Forsendur og aðferðafræði.

Til grundavallar er lagður skipulagsuppdráttur, sendur frá Arkþingi á dwg formi þann 15.11. Einnig önnur grunngögn tekin af vef Kópavogsbæjar (fráveitugrunnur, hæðarlínugrunnur og fl).

Magn afrennslis af svæðinu er fundið með rökrænu aðferðinni (rasjonal metode). Til að finna úrkomuákefð er notað kort Vatnafræðistofu HÍ sem gefur upp sólarhringsúrkomu með 5 ára endurkomutíma fyrir svæði á höfuðborgarsvæðinu. Sú úrkoma er síðan notuð til að finna úrkomuákefð m.v. ákveðinn endurkomutíma og varanda. Fyrir varanda eftir uppbyggingu svæðis er notast við þann varanda sem gefur mesta rúmmálið10 mínútur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

en fyrir uppbyggingu er notast við varanda jafnan samrennslistíma (konsentrasjonstid). Miðað er við 10 ára endurkomutíma. Afrennslisstuðlar sem notaðir eru eru eftirfarandi.

Ófrágengið yfirborð / óraskað land 0,3

Lokað yfirborð, malbik, hellur, þök 0,8

Skipulagssvæðinu er skipt upp í svæði undir lóðir, opin svæði og götur og stéttar. Áopnu svæðunum og á götum/stéttum er notast við afrennslisstuðlana sem gefnir eru upp að ofan en fyrir lóðirnar er fundinn út meðalafrennslisstuðull með því að velja af handahófi 5 einbýlishúsalóðir og 5 fjölbýlishúsalóðir í nærliggjandi götum og reikna út afrennslisstuðla fyrir þær. Út úr því kemur stuðullinn 0,6.

Hér er beitt þeirri aðferðafræði að miða við að ekki skuli setja meira inn á kerfið en væri að koma inn á það ef öllu vatni af svæðinu óröskuðu væri veitt af þessum fjórum svæðum að tengipunktum. Í dag er það væntanlega samt ákaflega lítill hluti ofanvatns sem fellur á svæðið sem skilar sér niður í kerfin neðan við. Því er einnig skoðuð sú sviðsmynd að aðeins megi hleypa inn á kerfið einhverju lágmarksmagni, sem í þessu tilfelli er ákveðið(20 l/sek) fyrir svæði 1 til 4 en 5 l/sek fyrir svæði 5.

TAFLA 1 Yfirlit yfir svæði og nauðsynlegt miðlunarrúmál hvers svæðis.


SVÆÐI	STÆRÐ	AFRENNSLI FYRIR	AFRENNSLI EFTIR	MIÐLUNARRÚMMÁL 1	MIÐLUNARRÚMMÁL 2
Nr.	Ha.	l/sek	l/sek	M3	M3
1	6,9	85	371	350	1650
2	6,4	79	298	230	1150
3	4,8	59	221	170	660
4	7,9	97	377	300	1690
5	1,1	13	55	50	160

Í töflunni hérna fyrir ofan er tekið saman það magn sem kemur frá hverju svæði og hversu mikið miðlunarrúmmál er nauðsynlegt fyrir hvern tengipunkt. Miðlunarrúmmál 1 miðar við að veita megi inn á kerfin því vatni sem rennur af því í dag m.v. ákveðinn afrennslisstuðul (C=0,3) en miðlunarrúmmál 2 miðar við að aðeins sé veitt inn á kerfin 20 l/sek í hverjum punkti (5 l/sek fyrir svæði 5).


Ofanvatn af lóðum

Það er líka hægt að tefja ofanvatnið inni á lóðunum áður en það er leitt í ofanvatnskerfið. Þá er komið fyrir temprunarlausnum inni á lóðunum. Þessar lausnir eru af svipuðum toga og þær sem nefndar eru hér að ofan bara á minni skala. Þekktar eru ofanvatnslautir og regnbeð en minna hefur verið notað af lokuðum slíkum lausnum. Hér fyrir neðan eru myndir af slíkum lausnum sem eru mikið notaðar í Noregi. Annarsvegar er um að ræða brunn sem virkar sem innsitrun og temprun í einu og hinsvegar er brunnur sem bara temprar. Myndirnar eru teknar af https://skjeveland.no/skjaeveland/4-overvannshaandtering/storm-kummer.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026



MYND 7 Miðlunartankur með innsitrun.



MYND 8 Miðlunartankur án innsitrunar.

Með því að beita sömu aðgerðarfræði og fyrir heildarsvæðið var skoðað hvað þyrfti að miðla miklu ofanvatni innan lóðar m.v. sömu forsendur. Niðurstöðurnar eru þær að fyrir hvern fermetra lóðar þarf að geyma 2,6 lítra af ofanvatni. Þetta gefur fyrir eðlilegar einbýlishúsalóðir þarf ca. 1,5m3 miðlunarrými, sem hægt er að leysa með stökum aðgerðum eins og lýst er hér að ofan. Fyrir fjölbýlishúslóðir er þetta mun stærra og þarf einhverjar samsettar lausnir.

Lokaorð / niðurstöður

Ofanvatn og meðferð þess eru að verða æ fyrirferðarmeiri við skipulagningu svæða til búsetu. Mjög mikilvægt er að umræða um það sé tekin snemma í skipulagsferlinu þ.a. hægt sé að finna þeim lausnum stað innan skipulagssvæðisins, sem nauðsynlegar eru.

Í þessu minnisblaði hefur verið farið yfir möguleika við meðferð ofanvatns af Vatnsendahæð. Magn ofanvatns var fundið út og það miðlunarrými sem nauðsynlegt er til að yfirlasta ekki ofanvatnskerfin sem eru neðar í landinu. Einnig var reiknað út miðlunarrými inni á hverri lóð sem er nauðsynlegt í sama tilgangi. Það er von EFLU að minnisblað þetta sé gott innlegg í skipulagsvinnuna sem er í gangi fyrir svæðið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Minnisblað

VSÓ RÁÐGJÖF

29.11.2022

22251

Dreifing
Kristjana H. Kristjánsdóttir, Kópavogsbæ
Bergljót S. Einarsdóttir, Kópavogsbæ

Höfundur
RÞÞ

Yfirfarið/Samþykkt
SÓ

Tilefni

Vatnsendahæð / Vatnsendahvarf
Hjóðvistarútreikningar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

1 Inngangur

Í þessu minnisblaði er gerð grein fyrir hljóðvistarútreikningum fyrir nýju hverfi Vatnsendahvarfs á Vatnsendahæð í Kópavogi. Svæðið afmarkast samkvæmt gildandi aðalskipulagi Kópavogs 2010 – 2040 af íbúabyggð 6, verslunar og þjónustusvæðis 20 sem og Samfélagsþjónustu svæða 27 og 67, og grænna svæða þar á milli. Reikningar þessir snúast um útbreiðslu hávaða vegna umferðar um nýjan Kambaveg og annara fyrirhugaðra vega samkvæmt drögum að tillögu að deiliskipulagi Vatnsendahæðar – Vatnsendahvarfs. Mynd 1 sýnir tillögu að deiliskipulagi fyrir skipulagsreitinn.



Mynd 1 Tillaga að deiliskipulagi Vatnsendahæðar. Úr Breyting á aðalskipulagi Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð – Lýsing á skipulagsverkefni dags. 15. september 2022.

Útreikningar eru gerðir samkvæmt skipulagsgrunni sem sendur var á VSÓ frá skipulagshöfundum í okt. 2022. Skipulagsgrunnur Arkþings var ítarlegur og mátti þar finna helstu upplýsingar sem þörf var á, þ.á m. gatnakerfi, hæðarlíkan, útlit og fjöldi hæða

fasteigna. Þá var teknn með í reikninginn umferð á komandi 3. áfanga Arnarnesvegar. Hæðar og planlega hans kom frá EFLU þann 8. Nóv. 2022.

Á mynd 2 má til skýringa sjá mynd úr umræddu hljóðvistarlíkani fyrir Vatnsendahæð þar sem horft er í norður-átt yfir svæðið.



Mynd 2 Horft er til norðurs yfir Vatnsendahvarf. Einnig má sjá áætlað umferðarmagn á hverjum vegbút fyrir sig. Sjá einnig í viðauka.

2 Aðferðarfræði og forsendur

Við útreikninga var afstöðumynd af svæðinu sett inn í forritið Soundplan 8.2 og þrívíddarlíkan búið til með eftirfarandi upplýsingum:

- Hæðarlínum á svæðinu
- Planlegu nýrra gatna
- Útlínum og fjölda hæða húsa samkvæmt tillögu að deiliskipulagstillögu fyrir hæðina.

Reiknað var hljóðstig í 2ja metra hæð yfir landi og byggja reikningar á norræna reiknilíkaninu RTN96 (Road Traffic Noise –Nordic prediction method 1996).

Unnin voru hávaðakort í 5 dB-gildisbilum fyrir LAeqT sem segir til um jafngildishljóðstig yfir tímabil T. Í þessum reikningum var T=24 stundir.

Hljóðvist var reiknuð miðað við umferðarspá VSÓ Ráðgjafar sem gildir um full uppbyggða Vatnsendahæð m.v. deiliskipulagstillöguna. Á þeim götum sem teknar voru inn í líkanið var miðað við hámarkshraða 30 km/klst, að undanskildum Arnarnesvegi. Hlutfall þungra bíla um svæðið var áætlað 5% á Kambavegi og 2% á íbúðargötum. Umferðarforsendur má sjá á mynd 2.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026


3 Niðurstöður hljóðvistarútreikninga

Í viðauka reglugerðar um hávaða nr. 724/2008 eru sett fram mörk um hávaða vegna umferðar ökutækja.

- Fyrir íbúðarhúsnæði á íbúðarsvæðum eru mörkin 55 dB(A) við húsvegg og 65 dB(A) fyrir íbúðarhúsnæði á íbúðarsvæðum. Jafnframt er viðmiðunargildi fyrir hljóðstig innandyra 30 dB(A),sem miðast við lokaða glugga en opnar loftrásir.
- Fyrir leik og grunnskóla er sömuleiðis viðmiðið 55 dB(A) en tekið fram að hávaði utan við húsvegg má vera meiri ef tryggð er bein aðfærsla útilofts um hljóðgildrur

Mynd 3 (til vinstri) sýnir útbreiðslu umferðarhávaða í 2 metra hæð yfir landi. Athuga skal að kortið sýnir jafngildishljóðstig með endurvarpi frá húsvegg. Mikilvægt er að hafa í huga að ef bera á þessar tölur saman við viðmiðunargildi reglugerðar ber að lækka gildin á kortinu um u.þ.b. 3 dB næst húsvegg. Einnig sýnir mynd 3 (hægra megin) punktgildi jafngildishljóðstigs dB(A) við húsvegg án endurvarps (stundumnefnt frísviðsgildi) fyrir þá hæð þar sem hljóðstig er hæst. Niðurstöður punktgilda er hægt að bera saman við viðmunarmörk reglugerðar án leiðréttingar.

Niðurstöður útreikninga sýna að öll gildi eru undir viðmiðunarmörkum reglugerðar um hávaða nr. 724/2008 miðað við þessar forsendur.



Mynd 3 Hljóðkort Vatnsendahvarfs. Útbreiðsla hávaða í 2ja metra hæð, m.v. umferðarmagn á mynd 2. Sjá einnig stærra kort í viðauka

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Minnisblað

VSÓ RÁÐGJÖF

1. apríl 2022, **uppfært 9. des 2022**

22251

Dreifing

Auður Dagný Kristinsdóttir, Kópavogsbær
Kristjana H Kristjánsdóttir, Kópavogsbær
Smári Smárason, Kópavogsbær
Jóhanna Helgadóttir, Arkþing - Nordic

Höfundur
OG

Yfirfarið/Samþykkt
SÓ

Tilefni

Vatnsendahæð í Vatnsendahvarfi

Umferðargreining á vinnslutillögu deiliskipulags, uppfærð í desember 2022.

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10.2026

1 Inngangur

Að beiðni Kópavogs hefur VSÓ Ráðgjöf metið líkleg umferðaráhrif vegna fyrirhugaðrar byggðar á Vatnsendahæð í Vatnsendahvarfi eins og hún er sett fram í vinnslutillögu deiliskipulags og kynnt á heimasíðu Kópavogs í mars 2022. sjá mynd 1.1. Greiningin nær til áhrifa uppbyggingar á nálægt gatnakerfi og áhrif nálægs gatnakerfis á byggðina. Athugun þessi nær einungis til akandi umferðar. Minnisblað þetta er uppfærð útgáfa fyrstu útgáfu minnisblaðs sem gefin var út 1. apríl 2022.



Mynd 1 Uppfærð vinnslutillaga deiliskipulags, fylgigagn kynningar á breytingu aðalskipulags desember. 2022. Hluti skipulagsuppdráttar.

2 Umferðargreining

2.1 Forsendur

Til grundvallar umferðargreiningu þessari liggur uppdrátturinn Vatnsendahvarf Deiliskipulag tillaga frá Arkþing/Nordic ásamt Vatnsendahvarf tillaga að deiliskipulagi, Greinargerð – tillaga til forkynningar. Hvoru tveggja útgefið 11. febrúar 2022 og kynnt á heimasíðu Kópavogs 10. mars til 22. apríl 2022. Sú tillaga var unnin áfram eftir samráð við hagsmunaaðila og liggja uppfærð skipulagsdrög eins og þau standa í desember 2022 hér til grundvallar.

Í hverfinu er gert ráð fyrir um 500 íbúðum, svæðum fyrir leikskóla, verslunar- og þjónustusvæði og opnu svæði. Áætlað hlutfall íbúða í fjölbýli er 60-70% (300-350 íbúðir) og hlutfall íbúða í einbýlis-, rað- og parhúsum um 30-40% (150-200 íbúðir).

Í greinargerð upphaflega draga að skipulagstillögu segir um akandi umferð í kafla 4.7:

> *Kambavegur tengist og er nú skilgreindur sem tengibraut í aðalskipulagi. Hámarkshraði á tengibraut er 50 km/klst. Gert er ráð fyrir hraðatakmarkandi aðgerðum á tengibraut s.s. þrengingum, upp hækkuðum gönguþverunum og breyttu yfirborðsefni til þess að auka öryggi óvarinna vegfarenda. Aðrar götur eru flokkaðar sem safngötur og húsagötur. Almennur hraði í safngötum og húsagötum er 30 km/klst. óháð umferðamagni. Heimilt er að lækka hraða í húsagötum eftir því sem við á.*

Samhliða deiliskipulagstillöguninni verður auglýst aðalskipulagsbreyting þar sem m.a. vegflokkun Kambavegur er endurskilgreind, var tengibraut en verður safngata.

Í kafla 4.12 segir m.a. um bílageymslur og bílastæði:

> *Við fjölbýli og klasabyggð er gert ráð fyrir einu bílastæði á hverja íbúð minni en 90 m2 og tveimur bílastæðum á hverja íbúð stærri en 90 m2. Gert er ráð fyrir að bílastæði verði bæði ofanjarðar og í bílakjöllurunum eftir aðstæðum.*
> *...Fjöldi bílastæða á hverri lóð kemur fram í sérákvæðum.*

Hverfið byggist upp samhliða nýjum Arnarnesvegi sem tengist inn á Breiðholtsbraut um brú og ný umferðarljósastýrð gatnamót. Sú framkvæmd mun líklega verða fullgerð áður en Vatnsendahvarf byggist og er forsenda greiðra samgangna til og frá hverfinu.

2.2 Umferðarsköpun

Umferðarsköpun er metin með ferðamyndunarjöfnu umferðarlíkans höfuðborgarsvæðisins. Miðað við legu hverfisins og byggðarmynstur er ekki að búast við breyttum ferðavenjum. Reiknast umferðarsköpun hverfisins samkvæmt jöfnunni miðað við 500 íbúðir, 2,3 einstaklingar í íbúð, 3,7 ferðir að meðaltali á hvern íbúa til og frá reitnum svo:

$$500 * 2{,}3 * 3{,}7 * 100\% = \textbf{4255 bílferðir á dag}.$$

Þetta er eflaust varfærið mat enda miðast það við að dæmigert fyrir íbúasamsetningu væri t.d. að í 7 af hverjum 10 íbúðum búi barnlaust par. Ekki virðist gert ráð fyrir litlum einstaklings-íbúðum í hverfinu heldur þvert á móti rúmgóðum fjölskylduíbúðum þar sem margir geta verið í heimili.

Af greinargerð og uppdráttum skipulagsstillögu má því ráða að á svæðinu fullbyggðu verði bílastæði á einkalóðum og í götu a.m.k. tvöfalt fleiri en fjöldi íbúða í hverfinu. Ekki er að ráða af skipulagsgögnum að hverfinu sé sérstaklega þjónað með almenningssamgöngum. Það má því reikna með nær allir íbúar hverfisins sem náð hafi ökuleyfisaldri fari flestra sinna ferða akandi. Eins má gera ráð fyrir að börnum og öðrum sem ekki aka sjálfir sé ekið flestra sinna ferða. Umferðarsköpun hverfisins verður því hlutfallslega álíka og aðlægum hverfum og með því mesta sem gerist á höfuðborgarsvæðinu. Því er ekki óvarlegt að reikna með að 5000 bílferðir skapist þegar hverfið er fullbyggt. Verslunar- og þjónustulóð hverfisins var í upphaflegum drögum nokkuð afskekkt í norðurhorni svæðisins en hefur í des. 2022 verið færð nær miðju hverfisins. Líklegt er að sú breyting leiði til einhverrar fækkunar ökuferða.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026



Mynd 2 Umferðarsköpun og líkleg hlutfallsleg dreifing umferðar. Umferðarsköpun breytist lítið við uppfærð drög að deiliskipulagi.

2.3 Umferðarspá

Stysta og auðveldasta leið út úr hverfinu og inn á stofnbrautarkerfi höfuðborgarsvæðisins verður um Kambaveg til norðurs, inn á Arnarnesveg um hringtorg við Vatnsendaveg. Með tilkomu Arnarnesvegar verða eingöngu hægribeygjur leyfðar inn og út af Vatnsendahvarfi og nýtist sú leið ökumönnum á leið austur Breiðholtsbraut vel, sem og þeim sem koma inn í hverfið eftir Breiðholtsbraut úr vestri. Áfram má því búast við mikilli umferð við Ögur-, Urðar- og Víkurhvarf.

Í hverfinu var í upphaflegu drögum gert ráð fyrir leikskóla en í uppfærðum drögum er gert ráð fyrir leikskóla ásamt yngstu bekkjum grunnskóla í sömu byggingu. Önnur nærþjónusta, afþreying og verslun verður að líkindum sótt út fyrir hverfið. Ýmist í Kóra (Hörðuvallaskóli, íþróttir, verslun) eða Hvörf (Vatnsendaskóli, verslun, veitingar, læknisþjónusta, líkamsrækt). Sú starfsemi og þjónusta er öll innan 1.000 m frá miðju hverfisins. Hversu mikil nærþjónusta sé sótt á bíl og hve mikil með öðrum ferðamátum fer eftir ýmsum þáttum, en gera má ráð fyrir að ferðamátaval íbúa Vatnsendahvarfs sé svipað og nálægra hverfa.

Ný staðsetning verslunar/þjónustulóðar í miðju hverfisins er betur til þess fallin að draga úr bílaumferð en fyrri lega í útjaðri þess.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026



Mynd 3 Breyttur gatnamöskvi gefur kost á nýjum akstursleiðum.

Með tilkomu miðhluta Kambavegs verður til heilstæðari gatnamöskvi milli Kóra og Hvarfa. Við að lengja Kambaveg inn á Vatnsendaveg opnast ný akstursleið úr Kórum að Breiðholtsbraut. Ekki er ólíklegt að íbúar Kleifakórs, Klettakórs, Klappakórs, Hörðukórs og e.t.v. fleiri gatna nýti sér Kambaveg sem leið út að Arnarnesvegi og Breiðholtsbraut þrátt fyrir að hún verði skilgreind sem safngata í stað tengibrautar með aðalskipulagsbreytingu. Sú umferð á sér upphaf og endi utan hins nýja hverfis og telur því ekki til umferðarsköpunar þess. Sumt af umferðinni um hina nýju safngötu verður því til að létta á umferð um aðrar götur á svæðinu. Í fyrirliggjandi deiliskipulagi virðist þó leitast við að draga úr hraða á Kambavegi og e.t.v. gegnumakstri í leiðinni. Enda þjóna hraðahindranir oft tvennum tilgangi, draga úr hraða og letja ökumenn frá því að aka vissar leiðir. Umferðarmagni um Kambaveg verður því að einhverju leiti hægt að stýra með hönnun götunnar út frá ætluðum tilgangi hennar. Kambavegur gæti til dæmis farið milliveg tengibrautar og „innanhverfisgötu“ sem 40 km/klst gata.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

3 Niðurstöður

Miðað við þó hóflegan fjölda íbúða verður umferðarsköpun hverfisins umtalsverð. Sú umferð á þó greiða leið að stofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins um nýjan Arnarnesveg og nálæg gatnamót við Breiðholtsbraut. Umferðaráhrif frá hverfinu koma því frekar til almennrar aukningar á umferð á nærliggjandi stofnbrautum og í borginni allri frekar en að valda staðbundnum töfum.

Tenging Kambavegs milli Kóra og Hvarfa mun hafa í för með sér fjölbreyttara leiðarval og stytta akstursvegalengdir fyrir íbúa einstaka gatna í þegar byggðum hverfum, hvort sem það er ætlað hlutverk götunnar eða ekki.

Endurskilgreining Kambavegar sem safnagötu í stað tengibrautar er líkleg til að draga úr gegnumumferð um hverfið ef umferðarhraði verður lækkaður og farið í hraðalækkandi aðgerðir samhliða breytingunni. Ólíklegt er að ökumenn velji sér leið í gegnum hverfið ef akstur um það verður tafsamur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026



JARÐTÆKNISKÝRSLA – VATNSENDAHVARF

Jarðtæknilegar aðstæður og hönnunarforsendur (GIR)

10.05.2022



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

3094-196-SKY-001-V01

TITILL SKÝRSLU

Jarðtækniskýrsla – Vatnsendahvarf

Jarðtæknilegar aðstæður og hönnunarforsendur (GIR)

SKÝRSLUNÚMER / SÍÐUFJÖLDI

001 / 28

VERKHEITI

Jarðtækniráðgjöf

VERKEFNISSTJÓRI – FULLTRÚI VERKKAUPA

Kristjana H Kristjánsdóttir / Stefán L Stefánsson

VERKKAUPI

Kópavogsbær

VERKEFNISSTJÓRI – EFLA

Jón Haukur Steingrímsson

HÖFUNDUR

Vigdís Bjarnadóttir, Jón Haukur Steingrímsson

LYKILORÐ

Vatnsendi, Vatnsendahæð, Jarðtækni, sprungur.

STAÐA SKÝRSLU

☐ Í vinnslu

☒ Drög til yfirlestrar

☐ Lokið

DREIFING

☐ Opin

☒ Dreifing með leyfi verkkaupa

☐ Trúnaðarmál

ÚTDRÁTTUR

Vatnsendahvarf er hæð í Kópavogi sem afmarkast af landamerkjalínu við Reykjavík eða við fyrirhugaðan Arnarnesveg að vestan, Kleifakór að sunnan og Turnahvarf að norðan. Vatnsendahvarf er hæsti punktur svæðisins í kring. EFLA hefur tekið saman jarðtæknilega gagnaskýrslu (GIR = Ground Investigation report), fyrir fyrirhugaða uppbyggingu í Vatnsendahvarfi.

Grafnar voru 110 prufuholur og 7 holur boraðar með Cobrabor. Til að kanna stærð og umfang sprunga á svæðinu voru grafnir þrír c.a. 30 m langir skurðir, þvert á áætlaða legu sprungukerfa.

Rannsóknir á svæðinu gefa til kynna að aðstæður séu nokkuð einsleitar hvað jarðlagaskipan varðar og eru jarðlagaþykktir og eiginleikar jarðvegs svipaðar. Jökulruðningur ofan á klöpp er ríkjandi innan svæðisins. Ofan á jökulruðningnum er svo misþykkt lag af lífrænum fokmold.

Vegna jarðfræðilegra og jarðtæknilegra aðstæðna, eiginleika jökulruðningsins er skipulagsvæðið metið í Jarðtækniflokk 2. Gert er ráð fyrir að mannvirki verði grunduð á klöpp eða fyllingu á fastan botn.

Samkvæmt gildandi grundunarstaðli skal gera grein fyrir jarðtæknilegri hönnun mannvirkja í eigin skýrslu skv. grein 2.8 í Eurocode 7 (GDR = Geotechnical Design Report). Lóðarhafar þurfa að fara gaumgæfilega yfir aðstæður og meta þörf á viðbótarrannsóknum innan hvers reits eftir því sem við á.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Vigdís Bjarnadóttir, Jón Haukur Steingrímsson	13.05.22	Einar Sindri Ólafsson	13.05.22	Jón Haukur Steingrímsson	15.05.22

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

SAMANTEKT

Vatnsendahvarf er hæð í Kópavogi. Svæðið afmarkast af landamerkjalínu við Reykjavík eða við fyrirhugaðan Arnarnesveg að vestan, Kleifakór að sunnan og Turnahvarf að norðan. Austur af svæðinu er Elliðavatn. Vatnsendahvarf er hæsti punktur svæðisins í kring.

EFLA verkfræðistofa hefur að ósk Kópavogsbæjar útbúið jarðtæknilega gagnaskýrslu (GIR[1]) samkvæmt grein 3,4 í Eurocode 7 (1) fyrir fyrirhugaða uppbyggingu í Vatnsendahvarfi. Skýrslan byggir á jarðtæknilegum rannsóknum en auk þess er stuðst við fyrirliggjandi þekkingu á aðliggjandi svæðum sem hafa öll verið rannsökuð ítarlega í tengslum við uppbyggingu íbúðarhverfa.

Á Vatnsendahvarfi voru grafnar 110 prufuholur og 7 holur boraðar með Cobrabor. Til að kanna stærð og umfang sprunga á svæðinu voru grafnir þrír c.a. 30 m langir skurðir, þvert á áætlaða legu sprungukerfa.

Rannsóknir á svæðinu gefa til kynna að aðstæður séu nokkuð einsleitar og í ágætu samræmi við aðstæður í Kórahverfi og Hvörfum. Jarðlagaskipan er einsleit og eru jarðlagaþykktir og eiginleikar jarðvegs svipaðar. Jökulruðningur ofan á klöpp er ríkjandi innan svæðisins. Ofan á jökulruðningnum er svo misþykkt lag af lífrænum jarðvegi, þar sem fokmold er ráðandi.

Vegna jarðtæknilegra aðstæðna og eiginleika jarðlaga er skipulagsvæðið metið falla í Jarðtækniflokk 2. Gert er ráð fyrir að mannvirki verði grunduð á föstum botni eða fyllingu á fastan botn. Fastur botn getur verið klöpp eða vel samlímd og hörð setlög.

Gera skal grein fyrir jarðtæknilegri hönnun í eigin skýrslu skv. grein 2.8 í Eurocode 7 (GDR[2]). Hver lóðarhafi verður því að meta þörf á viðbótarrannsóknum á hverju svæði með tilliti til þeirra mannvirkja sem þar stendur til að reisa.

[1] Geotechnical investigation report
[2] Geotechnical Design Report

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

EFNISYFIRLIT

SAMANTEKT 5
1 INNGANGUR 8
1.1 Almennt 8
1.2 Umfang og verkmörk 9
2 GRUNDVÖLLUR JARÐTÆKNIHÖNNUNAR 10
2.1 Almennt 10
2.2 Afleiðinga-og áreiðanleikaflokkur 10
2.3 Jarðtækniflokkur 10
2.4 Jarðskjálftaálag og jarðvegsflokkur 11
2.5 Hlutstuðlar 12
2.6 Rýni jarðtæknihönnunar og eftirlit framkvæmdar 13
2.7 Náttúruvá og vá af mannavöldum 14
3 JARÐTÆKNILEGAR RANNSÓKNIR 15
3.1 Fyrri rannsóknir 15
3.2 Prufuholur 15
3.3 Slagborun 16
3.4 Athugun á sprungum 16
4 NIÐURSTÖÐUR JARÐTÆKNILEGRA RANNSÓKNA 17
4.1 Prufuholur 17
4.2 Slagboranir 19
4.3 Sprungur 19
4.4 Jarðlagalíkan 20
4.4.1 Burðarhæfur botn 20
4.4.2 Fastur botn 21
4.5 Laus jarðlög og dýpi á klöpp 21
5 AÐSTÆÐUR Á SKIPULAGSSVÆÐINU 22
5.1 Jarðfræðilegt ágrip 22
5.2 Sprungur og jarðhnik 23
5.3 Yfirborðsvatn og grunnvatn 25
5.4 Mannvirki og innviðir 26
6 JARÐTÆKNILEGAR AÐSTÆÐUR 27
6.1 Grundun 27
7 HEIMILDASKRÁ 28
TEIKNINGASETT 29
VIÐAUKI A - GRYFJULÝSINGAR 31
VIÐAUKI B – SLAGBORUN NIÐURSTÖÐUR 33

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

MYNDASKRÁ

MYND 1-1 Yfirlitsmynd, framkvæmdasvæðið í Vatnsendahvarfi, Kópavogi, er merkt með rauðum kassa (mynd af map.is). 8

MYND 1-2 Möguleg útfærsla á skipulagssvæðinu skv. Deiliskipulagi frá apríl 2021. (tekið af vef Kópavogsbæjar). 9

MYND 2-1 Kort sem sýnir grunnhröðunargildi jarðskjálfta á höfuðborgarsvæðinu. Blá ör bendir á framkvæmdasvæðið í Vatnsendahvarfi. Gildin miða við að 10% líkur eru á slíkum atburði á næstu 50 árum (475 ára endurkomutími) (4). 12

MYND 2-2 Umfang rýni skv. Eurocode 0. 13

MYND 2-3 Umfang rýni skv. þjóðarviðauka Eurocode 0. 14

MYND 5-1 Jarðfræðikort af Kópavogi. Vatnsendahvarf er innan rauða ferningsins. Skv. kortinu er berggrunnurinn grágrýti (Berggrunnskort - Elliðavatn 1613-III. OS). Rauða örin bendir á meint misgengi á norðanverðu Vatnsendahvarfi. 22

MYND 5-2 Loftmynd frá Landmælingum Íslands, 1996. Map.is 25

TÖFLUSKRÁ

TAFLA 2-1 Hlutstuðlar efniseiginleika jarðefna. 13

TAFLA 4-1 Túlkaðar niðurstöður jarðkönnunar á Vatnsendahvarfi, prufuholur. Öll hnit eru í ÍSNET93 og hæðir eru í Reykjavíkurkerfi. 17

TAFLA 4-2 Túlkaðar niðurstöður jarðkönnunar í Vatnsendahvarfi, slagborun. Öll hnit eru í ÍSNET93 og hæðir eru í Reykjavíkurkerfi. 19

TAFLA 4-3 Rannsóknarskurðir til athugunar á sprungum á Vatnsendahvarfi. Öll hnit eru í ÍSNET93 og hæðir eru í Reykjavíkurkerfi. 20

TAFLA 4-4 Tölfræðileg greining á niðurstöðum jarðkönnunar í Vatnsendahvarfi, bæði prufuholur og slagboranir. 21

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026


1 INNGANGUR

1.1 Almennt

Framkvæmdasvæðið í Vatnsendahvarfi í Kópavogi afmarkast af landamerkjalínu við Reykjavík (eða við fyrirhugaðan Arnarnesveg) að vestan, Kleifakór að sunnan og Turnahvarf að norðan. Vatnsendahvarf er hæst 148 m y.s., er aflíðandi og liggur hærra í landinu en aðliggjandi svæði. Svæðið er að mestu óbyggt en þar voru fjarskiptamöstur og Útvarpsstöð, auk minni fjarskiptahúsa..

Á Vatnsendahvarfi voru grafnar 110 prufuholur og 7 holur boraðar með Cobrabor. Til að kanna stærð og umfang sprunga á svæðinu voru grafnir þrír c.a. 30 m langir skurðir, þvert á áætlaða legu sprungukerfa.


Staðsetning Vatnsendahvarfs er sýnd á mynd 1-1, Yfirlitsmynd af framkvæmdasvæðinu.



MYND 1-1 Yfirlitsmynd, framkvæmdasvæðið í Vatnsendahvarfi, Kópavogi, er merkt með rauðum kassa (mynd af map.is).

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Í nýju deiliskipulagi er gert ráð fyrir blandaðri byggð einbýlishúsa, raðhús og fjölbýlishúsa í Vatnsendahvarfi. Fjölbýlin verða á um 3 hæðum, auk kjallara en einbýlis-, rað- og parhús verða á 1-2 hæðum, auk kjallara. Á mynd 1-2 er sýnd möguleg útfærsla á skipulagssvæðinu. Þar má sjá að gert er ráð fyrir íbúðarhúsnæði, leikskóla, kirkju og skóla.



MYND 1-2 Möguleg útfærsla á skipulagssvæðinu skv. Deiliskipulagi frá apríl 2021. (tekið af vef Kópavogsbæjar).

1.2 Umfang og verkmörk

Skýrslan er jarðtæknileg gagnaskýrsla, fyrir fyrirhugaða uppbyggingu í Vatnsendahvarfi. Samkvæmt grundunarstaðlinum Eurocode 7, grein 3.4 þarf gera grein fyrir jarðvegsaðstæðum á svæðinu í heild eða fyrir einstök mannvirki sem verða þá grundvöllur að hönnunarforsendum (GIR), (1). Slíkar skýrslur eru í grunninn gagnaskýrslur þar sem allar fyrirliggjandi forsendur koma fram. Einnig þarf að gera grein fyrir jarðtæknilegri hönnun mannvirkja í hönnunarskýrslum sbr. grein 2.8 í Eurocode 7 (GDR), (1) (2). Almennt er gengið út frá því að slíkar skýrslur séu á ábyrgð þróunaraðila / framkvæmdaraðila á hverjum reit eða lóð. Sú skýrsla sem hér er lögð fram er miðuð við GIR skýrslu sem yfirlitsskýrslu til að einfalda þróunaraðilum á hverjum byggingarreit aðgengi að gögnum um svæðið, en einnig sem grunnur fyrir gatna og veituhönnun.

Fyrirliggjandi eru gögn af ýmsum aldri um svæðið en umlykjandi svæði hafa áður verið rannsökuð af Línuhönnun hf. á árunum 2002 til 2007, sjá nánar í kafla 3.1 um fyrri rannsóknir. Í þessum verkefnum hefur dýpi á burðarhæfan botn og fastan botn verið skilgreint með botnlíkönum og sprungur verið staðsettar. Einnig liggja fyrir nokkur minnisblöð um afmarkaða reita eða sértækar fyrirspurnir.

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10.2026

2 GRUNDVÖLLUR JARÐTÆKNIHÖNNUNAR

2.1 Almennt

Eftirfarandi staðlar eiga við um jarðtæknilega hönnun:

- ÍST-EN 1990: 2002 + NA 2010 (Eurocode 0: Grunnur mannvirkjahönnunar) (3)
- ÍST-EN 1997-1: 2004 + NA 2010 (Eurocode 7: Jarðtæknihönnun Hluti 1: Almennar reglur) (1)
- ÍST-EN 1997-2: 2007 + NA 2010 (Eurocode 7: Jarðtæknihönnun Hluti 2: Jarðvegsrannsóknir og prófanir) (2)
- ÍST-EN 1998-1: 2002 + NA 2010 (Eurocode 8: Jarðskjálftahönnun) (4)

Ofangreindir staðlar eru hafðir til hliðsjónar við skýrslugerðina.

2.2 Afleiðinga-og áreiðanleikaflokkur

Afleiðinga- og áreiðanleikaflokk skal velja samkvæmt töflu B1 í íslenskum þjóðarviðauka Eurocode 0 (3).

Samkvæmt greinargerð með deiliskipulagi fyrir Vatnsendahvarf verða fyrirhuguð fjölbýli á um 3 hæðum, auk kjallara en einbýlis-, rað- og parhús verða á 1-2 hæðum, auk kjallara. Með hliðsjón af töflu B1 í þjóðarviðaukanum skal gera ráð fyrir að þau mannvirki falli undir Afleiðingaflokk CC2 og Áreiðanleikaflokk RC2.

Á svæðinu er einnig ráðgert að byggja skóla og leikskóla. Með hliðsjón af töflu B1 í þjóðarviðaukanum skal gera ráð fyrir að þau mannvirki falli undir Afleiðingaflokk CC3 og Áreiðanleikaflokk RC3.

2.3 Jarðtækniflokkur

Kröfur til úrlausna verkefna miðast við jarðtækniflokka sem settir eru fram í kafla 2.1 „Design requirements“ í Eurocode 7, (1). Verkefni eru flokkuð í þrjá jarðtækniflokka eftir umfangi. Flokkur eitt hefur minnst umfang en umfangið og þörf fyrir rannsóknir og kröfur til hönnunar aukast með hverjum flokki.

Rannsóknir á svæðinu gefa til kynna að aðstæður séu nokkuð einsleitar hvað jarðlagaskipan varðar. Jökulruðningur ofan á klöpp er ríkjandi innan svæðisins. Með tilliti til jarðfræðilegra og jarðtæknilegra aðstæðna er það metið svo að deiliskipulagssvæðið á Vatnsendahvarfi falli í Jarðtækniflokk 2.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

2.4 Jarðskjálftaálag og jarðvegsflokkur


Samkvæmt þjóðarviðauka við Eurocode 8, (4), sem er gildandi jarðskjálftastaðall, er Íslandi skipt upp í svæði m.t.t. láréttrar grunnhröðunar fyrir stöðugleikagreiningu mannvirkja. Svæðaskipting innan höfuðborgarsvæðisins m.t.t. grunnhröðunar er sýnd á mynd 2-2. Vatnsendahvarf er innan svæðisins með hámarkshröðun a_{gR} = 0,20 g. Eftirfarandi niðurstöður eru gefnar varðandi jarðskjálftaálag, sem er umfram þær forsendur sem annars eru gefnar í þjóðarviðaukanum:

Gert er ráð fyrir að mannvirki verði grunduð á klöpp eða fyllingu á klöpp. Því er lagt til að miðað sé við jarðvegsflokk A, skv. töflu 3.1 í Eu-8. Mikilvægisstuðull er gefin upp í töflu 4.3 í sama staðli, (4).

- Kennigildi hröðunar, a_{gr} = 0,20 g.
- Mikilvægisstuðull, lagt til að notaður verði flokkur II fyrir almennar byggingar, þ.e. γ_2 = 1,0.
- Mikilvægisstuðull, lagt til að notaður verði flokkur III fyrir skóla og leikskóla, þ.e. γ_3 = 1,2.
- Eurocode 8, svörunarróf af gerð 1 sem gildir almennt fyrir Ísland.
- Svörunarróf, skv. jarðvegsflokki A, S = 1,0, T_B = 0,15, T_C = 0,4 og T_D = 2,0.

Ef mannvirki verða grunduð á annan hátt heldur en beint á klöpp eða á fyllingu á klöpp þarf að endurskoða jarðvegsflokk og viðeigandi svörunarróf.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



MYND 2-1 Kort sem sýnir grunnhröðunargildi jarðskjálfta á höfuðborgarsvæðinu. Blá ör bendir á framkvæmdasvæðið í Vatnsendahvarfi. Gildin miða við að 10% líkur eru á slíkum atburði á næstu 50 árum (475 ára endurkomutími) (4).

2.5 Hlutstuðlar

Samkvæmt þjóðarviðauka við Eurocode 7, (gr. 2.4.7.3.4.1 (1)P) skal notast við hönnunarnálgun 1 (DA1), að undanskildum mannvirkjum á staurum. Í slíkum tilvikum skal notast við hönnunarnálgun 2 (DA2).

Hönnunarnálgun 1:

- Flétta 1: A1 + M1 + R1
- Flétta 2: A2 + M2 + R2

Hönnunarnálgun 2 (stauraundirstöður):

- Flétta 1: A1 + M1 + R2

Í töflu 2-1 má sjá hlutstuðla efniseiginleika jarðefna (tafla A.4 í þjóðarviðaukanum).

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

TAFLA 2-1 Hlutstuðlar efniseiginleika jarðefna.

Jarðvegsbreyta	Gildi	M1	M2
Skriðhorn	γ_{φ}	1,0	1,25
Samloðun	$\gamma_{c'}$	1,0	1,25
Skerstyrkur við ódrenerað ástand	γ_{cu}	1,0	1,4
Einása þrýstistyrkur	γ_{qu}	1,0	1,4
Rúmþyngd	γ_{γ}	1,0	1,0

2.6 Rýni jarðtæknihönnunar og eftirlit framkvæmdar

Eurocode 0 setur fram kröfur um rýni á hönnun og framkvæmd en umfang rýni er háð því í hvaða áreiðanleikaflokk verkefni flokkast. Tafla B4 varðar rýni á hönnunar en tafla B5 framkvæmdar. Eins og fram kemur í kafla 2.2 falla mannvirki á svæðinu bæði í áreiðanleikaflokk RC2 og RC3.

Samkvæmt Eurocode 0 lenda mannvirki/framkvæmdir í áreiðanleikaflokki RC2 í rýniflokki DSL2 („Design Supervision Level“). DSL2 hefur í för með sér hefðbundna rýni („Normal Supervision“).

Samkvæmt Eurocode 0 lenda mannvirki/framkvæmdir í áreiðanleikaflokki RC3 í rýniflokki DSL3. DSL3 hefur í för með sér aukna rýni („Extended Supervision“).

Nánari útlistun á umfangi rýni skv. bæði DSL2 og DSL3 er gefin í töflu B4, sjá fyrir neðan:

Table B4 - Design supervision levels (DSL)

Design Supervision Levels	Characteristics	Minimum recommended requirements for checking of calculations, drawings and specifications
DSL3 relating to RC3	Extended supervision	Third party checking : Checking performed by an organisation different from that which has prepared the design
DSL2 relating to RC2	Normal supervision	Checking by different persons than those originally responsible and in accordance with the procedure of the organisation.
DSL1 Relating to RC1	Normal supervision	Self-checking: Checking performed by the person who has prepared the design

MYND 2-2 Umfang rýni skv. Eurocode 0.

Í þjóðarviðauka Eurocode 0 er tekið mið af afleiðingaflokki, en samband er milli afleiðingaflokks og áreiðanleikaflokks. Fyrir mannvirki/framkvæmdir í afleiðingaflokki CC2 þarf að fara fram óháð rýni innanhúss.

Fyrir mannvirki/framkvæmdir í afleiðingaflokki CC3 er um tvenns konar hönnunarrýni að ræða. Annars vegar óháð rýni innanhúss og hins vegar óháð rýni utanaðkomandi aðila.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Table B4b – Minimum requirements for checking

Consequence class	Self-checking	Independent checking	Third party checking
CC1	X		
CC2	X	X[1]	
CC3 if not covered by (4)	X	X	
CC3 if covered by (4)	X	X	X

MYND 2-3 Umfang rýni skv. þjóðarviðauka Eurocode 0.

Með hliðsjón af skilgreiningum í liðum (4) og (5) í viðauka B4 við þjóðarskjal Eurocode 0 þá falla væntanlegur skóli og leikskóli undir „Third party checking“ eða flokk DSL3. Önnur mannvirki þar fyrir utan falla i flokk „Independent checking“. Umfang rýni skv. „Independent checking“ er í samræmi við rýniflokk DSL2.

Umfang eftirlits með framkvæmdum fellur í sambærilega rýniflokka og fyrir hönnun.

2.7 Náttúruvá og vá af mannavöldum

Engin þekkt náttúruvá er á svæðinu. Svæðið er ofan við áhrif af völdum sjávarflóða. Jarðskjálftahætta er sambærileg og víða á höfuðborgarsvæðinu. Ofanflóðahætta er ekki heldur til staðar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

3 JARÐTÆKNILEGAR RANNSÓKNIR

3.1 Fyrri rannsóknir

Veturinn 2002-2003 vann Línuhönnun að jarðkönnun og athugun á sprungum í Vatnsendahvarfi og gefin var út skýrslan, "*Vatnsendahvarf, jarðkönnun og lausleg athugun á sprungum*" í mars 2003. Svæðið sem var rannsakað nær yfir austurhluta Vatnsendahvarfs niður að Elliðavatni og liggur að því rannsóknarsvæði sem þessi skýrsla nær til að norðan- og austanverðu, (5).

Vorið 2003 var unnið að jarðkönnun á Hörðuvöllum í Kópavogi en það er lægð á milli Vatnsendahvarfs og Rjúpnahæðar, þar sem Kórahverfi er í dag. Um þær rannsóknir var gefin út skýrsla í maí 2003, "*Hörðuvellir og nágrenni, jarðkönnun – áfangaskýrsla 1*". Seinna sama sumar var bætt við borholum í suður og austurátt meðfram Elliðahvammsvegi og inn á milli húsa á því svæði. Þá voru teikningar endurútgefnar með nýjum hæðarlíkönum af föstum og burðarhæfum botni. Svæðið sem þessi rannsókn náði yfir er sunnan við rannsóknarsvæði þessarar skýrslu, (6).

Í nóvember 2003 voru gerðar viðbótarrannsóknir á sprungum á norðanverðu Vatnsendahvarfi, (7).

Sumarið 2004 var unnið að jarðkönnun frá Elliðahvammi að Kjóavöllum, þar sem nú er Þingahverfi og austurhluti af Kórahverfi. Skýrslan „*Elliðahvammur – Kjóavellir, jarðkönnun og athugun á sprungum*" frá mars 2005 lýsir þeim rannsóknum, (8).

Árin 2006-2007 var unnið að jarðkönnun er á Rjúpnahæð, Smalaholti og Hnoðraholti. Gefin var út skýrslan, ''*Rjúpnahæð-Smalaholt-Hnoðraholt, Jarðkönnun og athugun á sprungum*''. Svæðið sem var rannsakað liggur norðan Vatnsendavegar frá Kjóavöllum í suðri að Hnoðraholti í norðri og frá Rjúpnavegi í austri að landamerkjum Kópavogs og Garðabæjar í vestri, (9).

Árið 2007 var einnig bætt við rannsóknum á Vatnsendahvarfi ofan við Vatnsendaveg, þar sem nú er Tónahvarf og Turnahvarf. Gengið var frá teikningum af því svæði og gerð líkön af föstum og burðarhæfum botni en ekki var gerð sérstök skýrsla um þær rannsóknir.

Árið 2008 var unnið að jarðtæknilegum rannsóknum og athugun á sprungum á því hverfi sem þá var verið á skipuleggja á Vatnsendahlíð. Rannsóknum var lokið og liggja teikningar og landlíkön fyrir, en í kjölfar efnahagshrunsins var skýrslugerð látin bíða og er svo enn.

3.2 Prufuholur

Í mars, 2022 voru grafnar 110 prufuholur á Vatnsendahvarfi. Grafið var með 24 tonna beltagröfu, Caterpillar 323E, með 150 cm tenntri skóflu. Aubert Högnason, jarðvinnuverktaki, sá um að grafa prufuholurnar. Víðast hvar var fremur grunnt á fast og má segja að jökulruðningur liggi yfir hæðinni

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

allri, með nokkrum undantekningum. Túlkaðar niðurstöður úr prufuholugreftri má sjá í töflu 4-1. Staðsetning prufuhola er sýnd á teikningu V101. Nákvæmari gryfjulýsingar er að finna í viðauka A.

3.3 Slagborun

Í apríl, 2022 voru boraðar 6 holur með slagbor á Vatnsendahvarfi.

Borað var með Atlas Copco Cobra slagbor. Borstálin eru 25 mm í þvermál í 1,0 m löngum einingum, neðsta stálið er með ydduðum oddi. Borhraði er mældur á 0,2 m millibili með skeiðklukku. Við túlkun er miðað við borhraða, dýpi á fastan botn og mat bormanns á efnisgerð. Almennt er miðað við að jarðlög séu burðarhæf þegar að bormótstaðan er orðin yfir 10 s á 0,2 m. Á sama hátt er miðað við að föstum botni sé náð þegar bormótstaðan er meiri en 60 s á 0,2 m. Þegar mótstaðan er orðin svo mikil eru jarðlögin varla græf. Þetta þarf þó ekki að þýða að yfirborð burðarhæfs eða fasts botns sé á lagmótum. Oft geta jarðlög eins og jökulruðningur verið laus ofan til en mjög þétt þegar neðar dregur.

Í töflu 4-2 má sjá túlkaðar niðurstöður jarðkönnunar á Vatnsendahvarfi. Öll hnit eru í ÍSNET93 og hæðir eru í Reykjavíkurkerfi. Staðsetning slagborana er sýnd á teikningu V101.

Tölfræðilega greiningu á niðurstöðum jarðkönnunar má sjá í töflu 4-3.

3.4 Athugun á sprungum

Í Vatnsendahvarfi voru grafnir þrír 30 m langir skurðir til þess að kanna hvort einhver ummerki fyndust um sprungur eða brotlínur sem fram koma á bæði berggrunns- og vatnafarskortum. Ummerki um sprungur er ekki að sjá á loftmyndum í Vatnsendahvarfi. Bendir það til þess að ef sprungur eru til staðar hafi ekki verið hreyfing á þeim eftir að ísöld lauk fyrir um 10.000 árum.

Í töflu 4-3 má sjá yfirlit yfir rannsóknarskurði. Staðsetning skurðanna þriggja sem grafnir voru í tengslum við athuganir á sprungum má sjá á teikningu V101.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

4 NIÐURSTÖÐUR JARÐTÆKNILEGRA RANNSÓKNA

Niðurstöður jarðtæknilegra rannsókna eru birtar á teikningu V101. Nokkur snið í gegnum rannsóknarsvæðið eru birt á teikningum V201-202. Annars er landlíkönum fyrir burðarhæfan og fastan botn skilað til verkkaupa á Land.xml formi og gert ráð fyrir því að þau líkön verði gerð aðgengileg.

Túlkaðar niðurstöður prufuhola á Vatnsendahvarfi frá mars, 2022 má sjá í töflu 4-1.

Túlkaðar niðurstöður slagborunar á Vatnsendahvarfi frá mars, 2022 má sjá í töflu 4-2.

Í töflu 4-4 má sjá tölfræðilegar greiningar á niðurstöðum jarðkönnunar. Í viðauka má svo finna töflur með niðurstöðum allra mælinga ásamt staðsetningum. Í töflunum kemur fram meðaltal, staðalfrávik ásamt minnsta og mesta dýpi innan hvers svæðis. Við mat á svæðum er gjarnan horft til meðaldýpis +/- 1 staðalfrávik, sem lýsandi fyrir algengt dýpi innan viðkomandi svæðis. Þetta er sett svona fram til að stakar mjög djúpar eða mjög grunnar holur séu síður til viðmiðunar um svæðisbundnar aðstæður og til að draga fram hvort almennt sé mikill breytileiki innan svæða eða nokkuð svipaðar aðstæður, með stöku gildum sem skera sig úr. Þannig kemur til dæmis í ljós að „algengt dýpi“ á fastan botn innan svæðisins er 2,2 m.

4.1 Prufuholur

TAFLA 4-1 Túlkaðar niðurstöður jarðkönnunar á Vatnsendahvarfi, prufuholur. Öll hnit eru í ÍSNET93 og hæðir eru í Reykjavíkurkerfi.

Hola nr.	X [ÍSN93]	Y [ÍSN93]	Yfirborð [m.y.s.]	Burðarhæfur botn [m.y.s.]	Fastur botn [m.y.s.]	Buðarhæfur botn [dýpi m]	Fastur botn [dýpi m]	Athugasemdir
VHG-04	362604,4950	402088,9550	133,3	132,5	130,9	0,8	2,4	
VHG-05	362451,8740	402048,3960	130,4	129,9	129,9	0,5	0,5	
VHG-06	362501,4360	402045,7150	132,9	131,6	131,1	1,3	1,8	
VHG-07	362549,6080	402044,6620	134,2	132,4	131,8	1,8	2,4	
VHG-08	362598,0340	402037,4590	134,9	134,3	133,6	0,6	1,3	
VHG-09	362653,0510	402036,1170	133,8	132,3	132,3	1,5	1,5	
VHG-10	362697,8340	402032,7480	133,2	131,7	131,7	1,5	1,5	
VHG-11	362400,8580	401996,3480	129,1	128,1	127,6	1,0	1,5	
VHG-12	362447,1490	401997,7880	131,4	130,6	129,2	0,8	2,2	
VHG-13	362544,8180	402021,3130	135,1	133,8	132,5	1,3	2,6	
VHG-14	362539,7140	401997,3320	136,7	136,3	134,7	0,4	2,0	
VHG-15	362607,4930	401982,0800	137,2	136,5	133,7	0,7	3,5	
VHG-16	362646,8340	401985,4530	134,1	133,5	131,1	0,6	3,0	
VHG-17	362698,3750	401982,3860	133,7	132,9	132,1	0,8	1,6	
VHG-18	362345,5630	401953,3210	128,2	127,4	127,4	0,8	0,8	
VHG-19	362392,8750	401949,7560	130,1	128,6	128,1	1,5	2,0	
VHG-20	362445,7900	401951,1080	132,6	131,3	130,2	1,3	2,4	

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

VHG-21	362495,0920	401945,7530	134,4	132,4	131,5	2,0	2,9	
VHG-22	362545,8950	401946,1310	137,0	136,3	134,8	0,7	2,2	
VHG-23	362589,2260	401944,5110	138,2	137,5	134,0	0,7	4,2	
VHG-24	362643,0410	401935,0980	135,9	135,4	133,2	0,5	2,7	
VHG-25	362694,7390	401934,9700	133,2	131,8	131,8	1,4	1,4	
VHG-26	362289,8480	401907,0170	129,6	128,3	127,4	1,3	2,2	
VHG-27	362339,0820	401904,0290	131,5	130,4	130,4	1,1	1,1	
VHG-29	362444,3760	401902,0210	133,9	133,1	132,7	0,8	1,2	
VHG-30	362495,7020	401896,0610	135,4	134,9	133,5	0,5	1,9	
VHG-31	362534,8790	401886,3930	136,8	135,5	134,6	1,3	2,2	
VHG-32	362592,9010	401890,2460	136,3	134,5	132,7	1,8	3,6	
VHG-33	362640,0560	401887,2250	134,9	134,2	131,2	0,7	3,7	
VHG-34	362693,1470	401884,0680	133,4	132,9	131,6	0,5	1,8	
VHG-35	362738,9660	401881,1470	130,9	130,4	128,7	0,5	2,2	
VHG-36	362789,5390	401878,4990	129,1	127,2	127,0	1,9	2,1	
VHG-38	362289,5270	401861,0240	133,1	131,8	131,7	1,3	1,4	
VHG-40	362387,0580	401855,3960	135,7	134,9	133,6	0,8	2,1	
VHG-41	362440,9920	401848,6550	137,3	136,6	135,2	0,7	2,1	
VHG-42	362489,1950	401845,5400	137,9	136,3	135,2	1,6	2,7	
VHG-43	362537,5150	401841,4690	138,5	137,8	136,6	0,7	1,9	
VHG-44	362590,8110	401840,9190	136,7	135,4	133,9	1,3	2,8	
VHG-45	362636,5970	401835,0570	134,4	133,4	131,5	1,0	2,9	
VHG-46	362688,3880	401833,1080	131,8	131,0	129,4	0,8	2,4	
VHG-47	362737,8280	401829,4550	129,0	128,2	127,4	0,8	1,6	
VHG-48	362788,6580	401829,9590	127,1	126,5	125,6	0,6	1,5	
VHG-49	362286,4080	401805,8170	135,4	135,0	133,6	0,4	1,8	
VHG-50	362334,0650	401800,9130	136,3	134,5	134,3	1,8	2,0	
VHG-51	362387,4780	401803,0320	137,3	136,5	135,0	0,8	2,3	
VHG-52	362434,9460	401798,2630	139,7	139,2	137,1	0,5	2,6	
VHG-53	362487,6140	401792,0730	140,4	139,9	138,6	0,5	1,8	
VHG-54	362532,7530	401794,9150	139,5	139,0	136,5	0,5	3,0	
VHG-55	362582,5040	401793,1300	137,5	136,7	134,6	0,8	2,9	
VHG-56	362632,2760	401790,2850	134,5	133,8	131,5	0,7	3,0	
VHG-57	362685,5720	401781,4380	130,4	128,6	128,2	1,8	2,2	
VHG-58	362735,4860	401783,5280	127,0	126,2	124,9	0,8	2,1	
VHG-59	362230,7790	401755,9670	134,6	133,8	133,5	0,8	1,1	
VHG-60	362283,5170	401752,9850	136,6	135,3	135,2	1,3	1,4	
VHG-61	362335,4770	401755,5120	137,9	137,0	135,7	0,9	2,2	
VHG-62	362383,9310	401750,4110	138,7	137,8	135,6	0,9	3,1	
VHG-63	362429,9130	401747,4990	141,3	140,1	138,6	1,2	2,7	
VHG-64	362485,9060	401745,9360	141,5	140,9	138,5	0,6	3,0	
VHG-65	362533,7660	401742,0950	140,1	139,7	135,0	0,4	5,1	
VHG-66	362583,0360	401739,3800	137,7	137,0	135,2	0,7	2,5	
VHG-67	362631,7160	401732,5080	133,9	133,2	131,3	0,7	2,6	
VHG-68	362682,3890	401730,6260	129,0	128,3	126,4	0,7	2,6	
VHG-69	362733,0410	401729,9810	125,6	124,3	123,6	1,3	2,0	
VHG-70	362229,5370	401707,1870	135,3	134,5	133,4	0,8	1,9	
VHG-71	362277,5770	401706,5640	137,5	136,7	136,3	0,8	1,2	
VHG-72	362326,8760	401697,4630	139,7	139,2	137,9	0,5	1,8	
VHG-73	362376,6640	401703,5770	140,3	139,0	138,0	1,3	2,3	
VHG-74	362480,1370	401697,4500	142,0	141,5	139,8	0,5	2,2	
VHG-75	362529,4390	401693,6050	140,3	139,8	138,7	0,5	1,6	
VHG-76	362576,6990	401686,5000	137,6	137,2	135,3	0,4	2,3	
VHG-77	362629,1580	401686,1000	133,4	132,8	130,4	0,6	3,0	
VHG-78	362679,1440	401683,0520	128,2	127,7	125,5	0,5	2,7	
VHG-80	362275,2180	401658,9160	137,4	136,6	136,0	0,8	1,4	
VHG-81	362326,5870	401657,7880	142,4	141,7	140,4	0,7	2,0	
VHG-82	362373,5660	401652,0840	144,1	143,5	141,7	0,6	2,4	
VHG-83	362428,0930	401651,7770	143,7	143,0	141,3	0,7	2,4	

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

VHG-84	362480,3880	401647,1700	142,6	142,1	140,7	0,5	1,9	
VHG-85	362527,6640	401645,5970	140,0	139,5	138,4	0,5	1,6	
VHG-86	362574,6060	401643,5520	136,3	135,7	134,1	0,6	2,2	
VHG-87	362625,1710	401636,2690	131,6	131,0	129,2	0,6	2,4	
VHG-88	362675,2530	401632,9430	127,1	126,5	124,3	0,6	2,8	
VHG-89	362327,3820	401604,9030	142,0	141,3	139,7	0,7	2,3	
VHG-90	362372,3940	401600,1980	144,8	144,3	141,4	0,5	3,4	
VHG-91	362420,2060	401598,7070	145,9	145,5	142,7	0,4	3,2	
VHG-92	362473,9010	401598,9640	143,7	143,2	142,3	0,5	1,4	
VHG-93	362521,9020	401597,7370	139,6	139,1	137,6	0,5	2,0	
VHG-94	362572,8000	401586,0950	133,7	133,0	131,6	0,7	2,1	
VHG-95	362624,2360	401585,5610	129,0	128,5	126,0	0,5	3,0	
VHG-96	362673,1080	401581,5390	124,9	124,3	122,5	0,6	2,4	
VHG-97	362373,9600	401550,5230	142,1	141,5	139,8	0,6	2,3	
VHG-98	362417,5810	401548,1930	144,7	144,3	142,5	0,4	2,2	
VHG-99	362469,7440	401545,4210	144,4	143,9	143,0	0,5	1,4	
VHG-100	362519,2740	401542,2320	139,6	139,1	137,9	0,5	1,7	
VHG-101	362569,3210	401537,0280	132,2	131,4	129,6	0,8	2,6	
VHG-102	362618,2670	401538,0910	127,1	126,4	124,4	0,7	2,7	
VHG-103	362668,2950	401534,7120	123,8	123,3	121,3	0,5	2,5	
VHG-104	362416,4150	401502,2690	141,4	140,7	139,7	0,7	1,7	
VHG-105	362465,7400	401497,8600	141,4	140,8	139,9	0,6	1,5	
VHG-106	362515,3450	401493,8270	138,4	137,8	136,8	0,6	1,6	
VHG-107	362567,3390	401492,5210	131,5	130,8	128,8	0,7	2,7	
VHG-108	362616,1960	401486,7040	126,4	125,0	122,7	1,4	3,7	
VHG-109	362664,7770	401483,3300	121,7	121,0	118,7	0,7	3,0	
VHG-110	362562,4960	401441,2540	129,4	128,9	127,5	0,5	1,9	
VHG-111	362610,9000	401434,2200	124,4	123,7	121,7	0,7	2,7	
VHG-112	362662,7140	401435,8330	120,5	119,8	118,0	0,7	2,5	
VHG-113	362610,5670	401386,5610	124,1	122,3	122,2	1,8	1,9	
VHG-114	362660,1460	401386,4500	119,9	118,9	118,2	1,0	1,7	
VHG-115	362553,0620	401336,7580	129,7	129,3	128,7	0,4	1,0	
VHG-116	362652,7800	401335,6100	120,3	119,8	118,6	0,5	1,7	
VHG-117	362605,8340	401286,7880	126,5	126,1	124,9	0,4	1,6	

4.2 Slagboranir

TAFLA 4-2 Túlkaðar niðurstöður jarðkönnunar í Vatnsendahvarfi, slagborun. Öll hnit eru í ÍSNET93 og hæðir eru í Reykjavíkurkerfi.

Hola nr.	X [ÍSN93]	Y [ÍSN93]	Yfirborð [m.y.s.]	Burðarhæfur botn [m.y.s.]	Fastur botn [m.y.s.]	Buðarhæfur botn [dýpi m]	Fastur botn [dýpi m]	Athugasemdir
VHG-01	362557,1170	402144,0760	129,1	127,9	127,3	1,2	1,8	
VHG-02	362505,2850	402096,7880	130,4	128,8	128,7	1,6	1,7	
VHG-03	362555,5240	402092,6500	131,4	130,4	130,4	1,0	1,0	
VHG-28	362392,9690	401902,6610	131,0	129,4	129,2	1,6	1,8	
VHG-37	362842,2000	401872,8810	126,9	125,7	125,1	1,2	1,8	
VHG-39	362339,6210	401856,4340	133,8	133,0	131,8	0,8	2,0	
VHG-79	362723,6050	401681,2900	125,0	123,0	122,8	2,0	2,2	

4.3 Sprungur

Í töflu 4-3 má sjá yfirlit yfir skurði til rannsóknar á mögulegum sprungum á Vatnsendahvarfi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

TAFLA 4-3 Rannsóknarskurðir til athugunar á sprungum á Vatnsendahvarfi. Öll hnit eru í ÍSNET93 og hæðir eru í Reykjavíkurkerfi.

Skurður	X_1 [ÍSN93]	Y_1 [ÍSN93]	X_2 [ÍSN93]	Y_2 [ÍSN93]	Lengd (m)	Athugasemdir
SK-A	362539,714	401997,332	362573,149	401972,703	41,4	
SK-B	362607,493	401982,08	362651,288	401951,815	53,3	
Sk-C	362508,724	401906,206	362534,879	401886,393	32,8	Veikleiki fannst í klöpp í botni skurðar

Þrátt fyrir að sprungur og brotalínur geti verið greinilegar á loftmyndum er oft erfiðara að staðsetja þær nákvæmlega í mörkinni. Einnig er vel þekkt að brotalínur hliðrist um nokkra m á milli einstakra sprungubúta. Því þarf að gæta vel að ummerkjum um hreyfingar á hugsanlegum brotalínum. Mögulegar brotalínurnar á Vatnsendahvarfi eru frekar ógreinilegar enda er víða nokkuð þykkur jökulruðningur yfir þeim.

Á mynd 5.1 hér aftar í skýrslunni er bent á sprungukerfi sem liggur til norðurs frá Vatnsendahvarfi, austan við Breiðholt og samsíða Elliðaám að Árbæjarlaug. Árið 2003 var reynt að staðsetja þessa sprungu nánar, en vegna legu ljósleiðara og símastrengja nánast yfir áætlaðri legu línunnar var ekki hægt að staðfesta legu eða virkni slíkrar sprungu, (5) (7). Óljós merki um hreyfingar fundust á nokkrum stöðum og varð það til þess að skipulag svæðisins var aðlagað að mögulegum sprungum.

Það sama er að nokkru leyti upp á teningnum nú upp á Vatnsendahvarfi, samsíða meintri legu á sprungu eru umfangsmiklar lagnir sem torvelda rannsóknir. Þó bendir til þess umrætt sprungukerfi sé að deyja út til suðurs og upp á toppi Vatnsendahvarfs sé að horfið eða í öllu falli orðið mjög óljóst. Engu að síður er mælt með að fylgjast vel með svæðinu á framkvæmdatíma.

Á einum stað í skurði C fannst veikleiki í klöpp sem gæti bent til þess að þar sé einhvers konar brotalína til staðar. Það var hins vegar ekki nægjanlega afgerandi til að ástæða sé til að setja takmarkandi skilmála að svo stöddu. Varðandi þann möguleika að koma ofanvatni með einhverjum hætti ofan í berggrunn þá er það helst við svona veikleika þar sem brotin klöpp nær yfirborði að koma slíku fyrir, því annars staðar á Vatnsendahvarfi er allt hulið jökulruðningi sem er jafnan mjög þéttur.

4.4 Jarðlagalíkan

Niðurstöður prufuhola og borana eru notaðar til að útbúa jarðlagalíkön af burðarhæfum botni annars vegar og föstum botni hins vegar. Fastur botn getur ýmist verið hart set eða klöpp. Jarðlagalíkön byggja á þríhyrningareikningum milli borpunkta. Utan við borpunkta geta verið frávik frá því sem er birt á sniðum.

4.4.1 Burðarhæfur botn

Hér er stuðst við niðurstöður úr greftri prufuhola og slagborana. Á þessu svæði er burðarhæfur botn oftast lagmót moldar og jökulruðnings. Ef jökulruðningurinn er mjög laus og moldarblandaður þarf að fjarlægja það efni líka. Það er oftast þar sem lífrænn jarðvegur yfir jökulruðningum er mjög þunnur. Við slíkar aðstæður er burðarhæfur botn settur 0,3 m neðar en lagmót, jafnvel þó að þykkt lífræns jarðvegs sé aðeins 0,1 – 0,2 m. **Burðarhæf jarðlög eins og möl, sandur og laus jökulruðningur geta verið auðgræf og ber því að varast að slík lög séu grafin út þar sem ekki er beinlínis þörf á því.** Að þessu þarf að huga vel að meðan á framkvæmdum stendur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

4.4.2 Fastur botn

Í prufuholum er gert ráð fyrir að föstum botni sé náð þegar vélin nær ekki að grafa dýpra vegna mótstöðu. Fastur botn getur verið klöpp, eða hörð og þétt jökulurð eða fínkorna setlög yfir klöppinni. Í slagborun er miðað við að bormótstaðan á 0,2 m bili sé meiri en 60 sekúndur. Þegar mótstaðan er orðin svo mikil eru jarðlögin varla lengur græf. Þegar að borað er niður á klöpp kemur það nokkuð greinilega fram. Þar sem greinileg klöpp kemur ekki fram, er oftast fastur jökulruðningur í botni. Öll steypt mannvirki þarf að grunda á föstum botni eða á þjappaðri fyllingu sem nær niður á fastan botn. Ef að í einhverjum tilvikum er nauðsynlegt að grunda steypt mannvirki á burðarhæfum botni þá þarf að gera sérstakar ráðstafanir til að minnka álag á undirstöðuna og koma í veg fyrir sig. Þegar niðurstöður slagborunar eru bornar saman við prufuholurnar kemur í ljós að fastur botn er í flestum tilvikum við yfirborð á klöpp, en í einhverjum tilvikum í föstum jökulruðningi. Á þeim stöðum er eflaust stutt niður á klöpp. Þetta á samt ekki að koma að sök í magntökum þar sem jökulruðningurinn/setið er þá orðið það stíft að hægt er að tala um “fastan gröft”. Gryfjulýsingar og borlínurit einstakra borana eru í viðaukum A og B.

4.5 Laus jarðlög og dýpi á klöpp

Á teikningum koma fram upplýsingar um dýpi á klöpp eða fastan botn, sem og á burðarhæfan botn. Burðarhæfur botn er í flestum tilvikum jökulruðningur.

Í töflu 4-4 má sjá tölfræðilega greiningu á niðurstöðu jarðkönnunar á Vatnsendahvarfi.

TAFLA 4-4 Tölfræðileg greining á niðurstöðum jarðkönnunar í Vatnsendahvarfi, bæði prufuholur og slagboranir.

Tölfræðileg greining á prufu- og slagborholum	Burðarhæfur botn [Dýpi, m]	Fastur botn [Dýpi, m]
Meðaltal	0,9	2,2
Staðalfrávik	0,4	0,7
Minnsta dýpi / þykkt	0,4	0,5
Mesta dýpi / þykkt	2,0	5,1
Meðaltal - 1 staðalfrávik (16,7% vikmörk)	0,4	1,5
Meðaltal + 1 staðalfrávik (83,3 % vikmörk)	1,3	2,9

Á Vatnsendahvarfi er meðaldýpi á burðarhæfan botn 0,9 m og meðaldýpi á fastan botn 2,2 m. Minnsta dýpi á burðarhæfan botn er 0,4 m og mesta dýpi 2,0 m. Minnsta dýpi á fastan botn er 0,5 m en mesta dýpi er 5,1 m.


Þegar litið er yfir svæði í heild sinni getur verið gott að horfa til þess hvort mikill breytileiki í þykkt jarðlaga sé innan þess eða ekki. Því er hér birt staðalfrávik og sé meðaltal niðurstaðna skoðað með +/- einu staðalfráviki má segja að 67% niðurstaðna sé innan þess bils. Í fyrri skýrslum um jarðtæknilegar rannsóknir í landi Kópavogs er hugtakið „algengt dýpi“ notað í þessu samhengi. Því er hægt að segja að algengt dýpi á burðarhæfan botn sé á bilinu 0,4-1,3 m, en algengt dýpi á fastan botn sé 1,5-2,9 m. Oft er þessi viðmiðum meira lýsandi heldur en hámark og lágmark sem kunna að sýna frekar nokkurs konar jaðargildi sem aðeins fáar mælingar ná til.

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10.2026

5 AÐSTÆÐUR Á SKIPULAGSSVÆÐINU

5.1 Jarðfræðilegt ágrip

Vatnsendahvarf er ávöl hæð vestan við Elliðavatn. Hin aflanga hæð er með stefnu SSV-NNA og í um 140 m hæð. Berggrunnurinn í Vatnsendahvarfi er grágrýti líkt og víðar á höfuðborgarsvæðinu sem er myndað fyrir síðasta jökulskeið, fyrir um 100-200 þús. árum. Grágrýtið er samsett úr mörgum hraunlögum og er heildarþykkt þess oft um 200-300 m. Víða á höfuðborgarsvæðinu eru auk þess móbergsmyndanir sem hafa myndast við eldgos undir jökli á jökulskeiðum. Móberg stingur meðal annars upp kollinum við undirgöngin undir Breiðholtsbraut skammt frá hesthúsunum í Víðidal. Skammt þar frá við Skyggni er borhola með grágrýti niður á 272 m dýpi.



MYND 5-1 Jarðfræðikort af Kópavogi. Vatnsendahvarf er innan rauða ferningsins. Skv. kortinu er berggrunnurinn grágrýti (Berggrunnskort - Elliðavatn 1613-III. OS). Rauða örin bendir á meint misgengi á norðanverðu Vatnsendahvarfi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Um Elliðavatn liggur umfangsmikið brotakerfi með SSV-NNA stefnu. Þetta brotakerfi hefur verið virkt meðan að staflinn hefur verið að byggjast upp og verður að skoðast sem virkt enn í dag. Misgengi og stallar í landinu tengdir þessu brotakerfi eru áberandi austan og sunnan við Elliðavatn. Á Grafarheiði og við Rauðavatn eru fjölmörg misgengi sem einnig tengjast þessu brotakerfi sem í raun teygir anga sína suður til Krísuvíkur. Athyglisvert er að vestan við Elliðavatn eru brotalínur og misgengistallar ekki eins áberandi og austan við vatnið. Reyndar er mjög afgerandi brotalína sem liggur meðfram vesturbakka vatnsins inn á Kjóavelli. Einnig fannst opin sprunga við byggingu Árbæjarlaugarinnar. Sú sprunga liggur samsíða Elliðaánum austan við Breiðholt en hverfur svo í norðurenda Vatnsendahvarfs. Ennfremur hafa fundist sprungur við byggingaframkvæmdir í Breiðholti og Seláshverfi. Það er þekkt að sprungur og brotalínur hliðrast gjarnan til en það eitt og sér nægir ekki til að skýra það hve fáar sprungur sjást í Vatnsendahvarfi.

Í Vatnsendahvarfi er nokkuð þykkur jökulruðningur yfir berggrunninum sem getur hulið brotalínurnar. Ef merki um brotahreyfingar sjást ekki upp í gegnum jökulruðninginn má áætla að meintar sprungur hafi ekki hreyfst síðustu 10.000 ár eftir að ísaldarjökullinn hvarf af svæðinu. Talið er að Ísaldarjökullinn hafi náð hámarki fyrir um 18.000 árum. Eftir það hopaði jökullinn, en það gerðist í nokkrum þrepum með stuttum framrásum inn á milli. Þegar jökull hopar skilur hann eftir sig þunnt lag af jökulruðningi, sem kallast botnurð. Almennt má segja að jökulruðningurinn á Vatnsendahvarfi sé heldur þykkari en víða annars staðar á höfuðborgarsvæðinu. Einnig er nokkuð áberandi hve jökulruðningurinn er fínkorna. Norðan í Vatnsendahvarfi eru ávalir malarhjallar sem eru líklegast fornir jökulgarðar sem jökulinn hefur gengið yfir og aflagað. Þar er jökulruðningurinn hvað þykkastur.

Eftir að jökullinn hvarf af svæðinu fyrir um 10.000 árum hefur jarðvegur verið að myndast hægt og bítandi. Fokjarðvegur er áberandi og það er lítið um mó- eða mýrarjarðveg. Fokmoldin er allt að 2,0 m þykk í rofabörðum þar sem moldin er óhreyfð, algeng þykkt er hins vegar 0,4-1,3 m. Hins vegar hefur töluverður uppblástur átt sér stað svo að víða er moldin þynnri og grýttari. Í skvompum og lægðum í landinu getur moldin verið þykkari og skilyrði til gróðurs verið betri. Þannig geta hugsanlegar brotalínur birst á yfirborði sem afmarkaðar línur með þéttari gróðri. Meðan jarðvegurinn hefur verið að myndast hefur borist gjóska yfir frá nálægum og fjarlægum eldstöðvum. Ofarlega í jarðvegssniðum á svæðinu má sjá svart öskulag sem líklegast er K-1500 lagið, sem er frá Kötlugosi um 1495. Deiliskipulagssvæðið er að miklu leyti ónumið land en leiðslur og strengir liggja þarna, möstur og einstaka húsbyggingar.

5.2 Sprungur og jarðhnik

Sprungusveimurinn sem liggur um og austan við Elliðavatn er hluti af víðáttumiklu sprungukerfi sem liggur frá Mosfellsdal og suður í Krísuvík. Hreyfingar á þessu sprungukerfi verða helst í jarðskjálftum sem eiga upptök við Kleifavatn, á Sveifluhálsi eða í Krísuvík. Það er fremur ólíklegt að upptök jarðskjálfta verði nálægt Elliðavatni en þar sem að sprungusveimurinn hangir saman við tiltölulega virkt sprungukerfi er líklegt að gjögt og smáhnik geti orðið á einstökum sprungum við Elliðavatn. Einnig geta orðið hreyfingar á sprungunum í tengslum við eldsumbrot. Töluverð eldsumbrot voru á þessum sprungusveim á 11. og 12. öld, en þekkt eldgos urðu þar 1151 og 1188. Mikil eldsumbrot hafa verið á Reykjanesi eftir að Ísöld lauk. Hugmyndir eru um að eldsumbrot verði í hrinum á um 1000 ára fresti á þessu svæði og standi þá í 200 til 400 ár. Í tengslum við slíka atburði er mjög líklegt að hreyfingar verði á sprungum við Elliðavatn. Mestar líkur eru á að slík eldsumbrot verði sunnarlega á sprungusveimnum

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

og því mestar hreyfingar á því svæði. Almennt má þá gera ráð fyrir því að það dragi verulega úr hreyfingum á sprungusveimnum til norðurs frá upptakasvæðinu.

Með þeirri virkni sem hófst með landrisi við Þorbjörn og lauk með eldgosi við Fagradalsfjall árið 2021 er nokkuð óumdeilt að hafið sé nýtt tímabil eldvirkni á Reykjanesskaga. Sú virkni ætti ekki að hafa áhrif á Vatnsendahvarfi umfram önnur svæði í efri byggðum Kópavogs.

Sprungum og brotalínum vestan við Elliðavatn hefur áður verið skipt í 4 flokka:

1. Brot sem hafa hreyfst eftir 1500
2. Brot sem hafa hreyfst eftir að ísöld lauk fyrir 10.000 árum.
3. Brot sem hafa ekki hreyfst eftir að ísöld lauk
4. Óljósar brotalínur

Brot sem hafa hreyfst eftir 1500 eru brotalínur sem hafa hreyfst eftir að gjóskulag frá Kötlu frá því um 1500 féll. Slíkar brotalínur verða að teljast virkar.

Brot sem hafa hreyfst eftir að ísöld lauk eru brot sem ná upp í gegnum jökulruðinginn og hafa haft veruleg áhrif á jarðvegsmyndun. Til dæmis eins og misgengið á vesturbrún Elliðavatns, en það hefur greinilega verið virkt með reglulegu millibili á síðustu 10.000 árum. Oft eru þetta greinilegir stallar í landinu og misgengisbrúnir. Brot sem eru eldri en nútími geta verið lítið áberandi lægðir í landinu, stallar eða önnur línuleg fyrirbæri sem hægt er að túlka af loftmyndum með óyggjandi hætti en sýna litla eða enga hreyfingu á jökulruðningnum og er ólíklegt að þær hreyfist frekar. Óljósar brotalínur eru í flestum tilvikum fornar sprungur sem eru í flestum tilvikum huldar jökulruðningi og eru ógreinilegar á loftmyndum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026



MYND 5-2 Loftmynd frá Landmælingum Íslands, 1996. Map.is

5.3 Yfirborðsvatn og grunnvatn

Vatnafar á svæðinu er fremur einsleitt. Grunnvatn liggur tugum metrum neðar en núverandi yfirborð framkvæmdasvæðisins. Elliðavatn og Rauðavatn eru í 71 – 73 m hæð yfir sjó og lýsa í raun hæð hins eiginlega grunnvatnsborðs sem fellur síðan til vesturs í átt að ströndinni. Megin grunnvatnsstraumurinn liggur þar sem jafnhæðarlínurnar grunnvatns eru þéttastar milli Elliðavatns og Vífilsstaðavatns og svo aftur niður Elliðaárdal. Vatnafarskort OS (10) sýnir að undirliggjandi Breiðholtsgrágrýtið sé meðallagi lekt ($k = 10^{-2}$-10^{-4} m/s). Í lausum jarðlögum yfir berggrunninum má búast við afmörkuðum svæðum þar sem falskt jarðvatnsborð er að finna. Það er ekki hið eiginlega grunnvatnsborð svo því sé haldið til haga.

Ekkert yfirborðsvatn er að finna á svæðinu og er yfirborðsrennsli helst bundið við leysingavatn. Vegna ávalar lögunar Vatnsendahvarfs safnast afrennsli síður í eiginlega farvegi heldur flæðir það nokkuð jafnt yfir landið. Vatnsendahvarf er að miklu leyti hulið mjög þéttum jökulruðningi sem kann að torvelda innsig yfirborðsvatns á svæðinu og hefur það afgerandi áhrif á svokallaðar blágrænar ofanvatnslausnir.

Varðandi notkun blágrænna ofanvatnslausna þá virka þær fremur illa eða alls ekki þar sem þykkur jökulruðningur hylur berggrunninn. Helst er að beita slíkum lausnum þar sem hægt er að koma innsigi frá slíkum lausnum beint niður í berggrunninn. Til greina kemur að greina svæðið nánar með tilliti til þessa og nýta mögulega þann veikleika sem fannst í sprunguskurði C.

Skipulagssvæðið allt er utan skilgreindra vatnsverndarsvæða.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

5.4 Mannvirki og innviðir

Á Vatnsendahvarfi stóð Útvarpsstöð Íslands, en hún var rifin nýlega, mikið af möstrum var á túninu í nágrenni stöðvarinnar en þau hafa flest verið felld. Austarlega á svæðinu skammt frá holu VHG-56 er rúst af stekk eða beitarhúsi sem skráð er í Fornleifaskrá Kópavogs. Vegir og slóðar liggja um svæðið eins og sjá má á loftmyndum. Ákveðin svæði eru afgirt en að öðru leiti er deiliskipulagssvæðið óhreyft land. Allar helstu lagnir liggja upp að gömlu útvarpsmannvirkjunum, eins og rafmagn, heitt og kalt vatn og ljósleiðarar, bæði frá Mílu og Gagnaveitunni. Lagnir liggja að mestu með aðkomuleiðum að vestan og á milli gömlu mannvirkjana.

Bent er á að við rif sambærilegra mannvirkja á Rjúpnahæð á sínum tíma, þá kom í ljós blýmengun í jarðvegi við stóru stálmöstrin sem voru á því svæði. Sú mengun var meðal annars rakin til blýmenju sem veðraðist af möstrunum undan suðaustanáttum. Auk þess mældist mengun önnur mengun sem var beint rakin til úrgangs eða tækjabúnaðar sem ekki hafði verið fjarlægður með viðunandi hætti.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

6 JARÐTÆKNILEGAR AÐSTÆÐUR

6.1 Grundun

Að jafnaði má beita hefðbundnum íslenskum grundunaraðferðum. Sem sagt, að grafa niður á fastan eða burðarhæfan botn og grunda mannvirki á fyllingu sem nær niður á fastan eða burðarhæfan botn, nú eða grunda beint á klöpp.

Rétt er að benda á að skv. grundunarstaðlinum Eurocode 7, gr. 3,4 þarf að gera GIR[3] skýrslu um jarðvegsaðstæður fyrir hvern byggingarreit eða fyrir einstök mannvirki sem verða þá grundvöllur að hönnunarforsendum. Þessi skýrsla er fyrst og fremst gagnaskýrsla (GIR) sem inniheldur samantekt um þær upplýsingar sem þegar hefur verið aflað. Gera verður ráð fyrir að þessi mál séu skoðuð gaumgæfilega á hverjum reit í framhaldinu og bætt við rannsóknum eftir því sem þörf er á. Einnig að gert sé grein fyrir jarðtæknilegri hönnun (GDR)[4] mannvirkja í hönnunarskýrslum sbr. gr. 2.8 í sama staðli.

Hver lóðarhafi þarf að skoða gaumgæfilega þörf á viðbótarrannsóknum á þeim reitum sem þeir hafa yfir að ráða.

[3] Geotechnical Investigation Report
[4] Geotechnical Design Report

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

7 HEIMILDASKRÁ

1. **Staðlaráð Íslands.** ÍST EN 1997-1:2004/AC:2009. Eurocode 7: Geotechnical design - Part 1: General rules. s.l. : Staðlaráð Íslands, 2009.

2. —. *ÍST EN 1997-2:2007: Geotechnical design - Part 2: Ground investigation and testing.* s.l. : Staðlaráð Íslands, 2007.

3. —. ÍST-EN 1990:2002/NA 2011 (Eurocode 0: Grunnur mannvirkjahönnunar). s.l. : Staðlaráð Íslands, 2011.

4. —. ÍST EN 1998-1:2004. Eurocode 8: Design of structures for earthquake resistance - Part1: General rules, seismic actions and rules for buildings. s.l. : Staðlaráð Íslands, 15. 6 2005.

5. **Línuhönnun hf.** *Vatnsendahvarf, Jarðkönnun og lauslega athugun á sprungum.* 2003.

6. **línuhönnun hf.** *Hörðuvellir og nágrenni, Jarðkönnun - áfangaskýrsla 1.* 2003.

7. **Línuhönnun hf.** *Minnisblað: Sprungur á norðanverðu Vatnsendahvarfi - viðbótarrannsóknir.* 2003.

